



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2025
USK25060150

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. nóvember 2025 um eftirfarandi mál:

Bílastæðakort fyrir íbúa innan gjaldsvæða bílastæðasjóðs

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna- og borgarhönnunar dags. 12. nóvember 2025 þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki reglur um bílastæðakort fyrir íbúa innan og við gjaldsvæði bílastæðasjóðs.

Samþykkt í samræmi við 2 mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins taka jákvætt í að verið sé að endurskoða og víkka út reglur um íbúakort. Tillögurnar fela í sér aukinn sveigjanleika og bregðast að nokkru leyti við ábendingum íbúa, sérstaklega varðandi möguleikann á íbúakorti 2 og einfaldari skilyrðum um afnotaskipti þegar stæði eru í sameign. Slíkar breytingar eru til bóta. Þó teljum við að mikilvægar athugasemdir íbúa hafi ekki fengið nægilega umfjöllun. Það á sérstaklega við um afmörkun íbúakortasvæða, sem margir íbúar telja ranglega stillt eða ekki taka mið af raunverulegri notkun og aðstæðum í eldri hverfum. Þessi gagnrýni hefur verið áberandi í samráðsgátt og nauðsynlegt er að hún verði tekin til ítarlegri skoðunar, enda hefur hún bein áhrif á lífsgæði íbúa. Að auki teljum við fyrirhugað gjald fyrir íbúakort 2, 20.000 kr. á mánuði, vera óhóflega hátt og langt umfram það sem eðlilegt getur talist. Gjaldtakan er í engu samræmi við raunverulegt stæðiúrval í mörgum hverfum og getur reynst heimilum verulega íþyngjandi. Við teljum eðlilegt að gjaldið sé endurmetið og lækkað verulega.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Framsóknarflokksins:

Borgarfulltrúi Framsóknar styður að fyrirkomulagi íbúakorta sé breytt og þá sérstaklega að íbúar geti sótt sér íbúakort nr. 2. Framsókn gagnrýnir hins vegar harðlega að íbúakort nr.2 skuli kosta 20.000 krónur á mánuði eða 240.000 krónur á ári. Það gefur til kynna að meirihlutinn sé í raun ekki að reyna að mæta harðri gagnrýni íbúa á bílastæðastefnu meirihlutans.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
*Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið*

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna- og borgarhönnunar dags. 12. nóvember 2025



Reykjavík



Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 12. nóvember 2025

USK25060150

TILLAGA

Tillaga um bílastæðakort íbúa í Reykjavík

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki tillögu um reglur um bílastæðakort fyrir íbúa innan og við gjaldsvæði bílastæðasjóðs, íbúakort.

Greinargerð:

Núgildandi reglur nr. 370/2021 um bílastæðakort íbúa í Reykjavík, íbúakort, voru samþykktar á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 10. mars 2021 og á fundi borgarráðs þann 18. mars 2021. Í samræmi við tillögu borgarfulltrúa Samfylkingar Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um endurskoðun á reglum um íbúakort sem samþykkt var í borgarstjórn 4. mars síðastliðinn (MSS25020116) er hér lögð fram tillaga að breytingum á reglunum með það fyrir sjónum að skapa aukinn sveigjanleika fyrir íbúa. Við gerð draganna var einnig tekið tillit til ábendinga sem Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði hafa borist frá íbúum.

Drög að reglunum voru kynntar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 25. júní þar sem samþykkt var að kynna þau í samráðsgátt Reykjavíkur. Það var gert á tímabilinu 15. júlí til 15. ágúst 2025. Ábendingar og tillögur úr samráðsgátt Reykjavíkurborgar voru kynntar í umhverfis- og skipulagsráði 16. október s.l.

Lagðar eru til tvær breytingar á reglunum frá því að þær voru kynntar í sumar, eftir ábendingum og tillögum í samráðsgáttinni.

1. Í 2. gr. reglna um bílastæðakort er útlistað að afnotaskiptayfirlýsing dugi líka í þeim tilvikum sem kveðið er á um að stæði séu í sameign og stæð á lóð eru færri en íbúðirnar sem eiga kortin í sameign.
2. Í 10. gr. reglna um bílastæðakort verður tiltekið að reglurnar verði tímabundnar og gildi til 31. desember 2027. Áður en þær renna út verði, með hliðsjón af reynslunni af þeim, tekin ákvörðun um hvort þær verði áfram óbreyttar eða endurskoðaðar.

Ábendingar sem bárust fylgja með hjálagð.

Sú tillaga sem lögð er fram felur í sér talsverðar breytingar á gildandi reglum, bæði hvað varðar form og efni reglnanna. Þær breytingar sem helst ber að nefna eru eftirfarandi:

- Heimild er veitt til að afgreiða annað íbúakort, svokallað íbúakort 2, í þeim tilvikum þar sem ekki er stæði á lóð og áður hefur verið gefið út eitt íbúakort. Þá er heimilað að gefa út eitt íbúakort 2 í þeim tilvikum þar sem að réttur til notkunar á að hámarki einu stæði á lóð fylgir íbúðinni.



Reykjavík



- Heimild er veitt til að veita tímabundna undanþágu frá kröfum um skráningu lögheimilis til umsækjenda sem dvelja í athvörfum og geta ekki vegna sérstakra, tímabundinna aðstæðna flutt lögheimili sitt á dvalarstað (eins og á t.d. stundum við um skjólstæðinga Kvennaathvarfsins).
- Starfsmenn sendiráða á Íslandi sem eru erlendir ríkisborgarar og aðrir sem ekki eiga lögheimili á Íslandi skv. 5. mgr. 14. gr. laga um lögheimili og aðsetur eru undanþegnir frá kröfu um skráningu lögheimilis.
- Skilgreining útvíkkuð á íbúðarhúsnæði sem heimilt er að gefa út íbúakort vegna.
- Krafa er gerð um að umsækjandi sé skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis í ökutækjaskrá í samræmi við ákvæði 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga.
- Aðrar minni breytingar, svo sem til að skerpa frekar á orðalagi, árétta verklag, einfalda afgreiðslu o.s.frv.

Í dag eru u.þ.b. tæplega 2.000 íbúakort í notkun. Óvíst er hversu mikil eftirspurn verður eftir íbúakorti 2. Gjaldskyld bílastæði bílastæðasjóðs sem íbúakort gilda fyrir eru í dag um 3.200 en almenn bílastæði á íbúakortasvæðunum, þ.e. þeim svæðum sem íbúakortin gilda á, hvort sem þau eru gjaldskyld eða ekki, eru a.m.k tvöfalt fleiri.

Tillaga um gjaldskrá er lögð sérstaklega fram en þar er lagt til að gjald fyrir íbúakort 2 verði 20.000 kr. á mánuði. Það jafngildir því að greitt sé fyrir gjaldskyldu á gjaldsvæði 2 fyrir rétt rúmar þrjár klukkustundir á dag (230 kr. á klst) af þeim 11-12 klst á dag sem gjaldskylda er.

Verði reglurnar samþykktar er óskað eftir því að málið sé sent áfram til borgarráðs til endanlegrar afgreiðslu og viðeigandi birtingar í Stjórnartíðindum.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri

Hjálagt: Reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík og kynning og tillögur úr samráðsgátt vegna uppfærðra reglna um bílastæðakorta fyrir íbúa innan gjaldsvæða bílastæðasjóðs

Reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík

Númer xxx/2025

1. gr. Íbúakort.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður, gefur út bílastæðakort, hér eftir nefnd íbúakort 1 og íbúakort 2 (saman nefnd íbúakort), til íbúa sem búa á íbúakortasvæðum innan Reykjavíkur í samræmi við nánari skilyrði sem hér greinir.

Íbúakort veitir heimild til að leggja ökutæki án endurgjalds í gjaldskylda stöðureiti innan gildissvæðis íbúakorts, með þeim takmörkunum sem greinir í 5. gr. Greitt er fyrir íbúakort í samræmi við gjaldskrá hverju sinni.

2. gr. Íbúð.

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort til íbúa í íbúðarhúsnæði, hér eftir kallað íbúð, sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- Íbúðarhúsnæði skal vera skráð sem slíkt í fasteignaskrá HMS og staðsett innan gildissvæðis íbúakorts samkvæmt 5. gr.
- Íbúð má ekki vera skilgreint vistheimili, öryggisíbúð, hjúkrunarheimili, dvalarheimili eða sambærilegt.
- Íbúð má ekki vera húsnæði sérstaklega ætlað námsmönnum, s.s. íbúð leigð af Félagsstofnun stúdenta eða Byggingarfélagi námsmanna.
- Íbúð má ekki fylgja réttur til notkunar á bílastæði innan lóðar, hvort heldur er til einkanota eða í sameign, samkvæmt deiliskipulagi, lóðarleigusamningi, mæliblaði, lóðaruppdrætti, staðfestri eignaskiptayfirlýsingu eða skráningu í fasteignaskrá.

Þar sem ekki liggur fyrir eignaskiptayfirlýsing eða í eignaskiptayfirlýsingu er kveðið á um að stæði séu í sameign og íbúðir eru fleiri en bílastæði innan lóðar, nægir yfirlýsing um afnotaskipti þar sem taldar eru upp þær íbúðir sem hafa afnotarétt af stæðum í sameign innan lóðar til að skapa mögulegan íbúakortarétt sem nemur mismuni á milli fjölda bílastæða og íbúða. Sama á við ef um er að ræða húsnæði með blandaða notkun, s.s. atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði.

Einungis er heimilt að gefa út eitt íbúakort fyrir hverja íbúð sem uppfyllir ofangreind skilyrði, íbúakort 1.

Ef íbúakort 1 hefur verið útgefið fyrir íbúð eða ef réttur til notkunar á að hámarki einu bílastæði innan lóðar fylgir skv. d-lið 2. mgr. er heimilt að gefa út eitt íbúakort 2 fyrir hverja íbúð, að öðrum skilyrðum reglna þessara uppfylltum.

3. gr. Umsækjandi.

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort til umsækjanda sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Umsækjandi skal vera einstaklingur með skráð lögheimili í íbúð sem uppfyllir skilyrði 2. gr.
- b. Umsækjandi skal vera eigandi íbúðarinnar eða hafa skriflega heimild frá eiganda hennar til að sækja um íbúakort.
- c. Umsækjandi skal vera skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis samkvæmt 4. gr., sbr. 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
- d. Umsækjandi skal ekki vera í skuld við bílastæðasjóð Reykjavíkur sem komin er til milliinnheimtu eða löginneheimtu og skal hafa að fullu greitt íbúakortagjöld frá fyrri tímabilum.

Einungis er heimilt að gefa út eitt íbúakort 1 og eitt íbúakort 2 til hvers umsækjanda og gildir það óháð fjölda íbúða sem eru í eigu sama umsækjanda.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður hefur heimild til þess að veita tímabundna undanþágu frá kröfum um skráningu lögheimilis til umsækjenda sem dvelja í athvörfum og geta ekki vegna sérstakra, tímabundinna aðstæðna flutt lögheimili sitt á dvalarstað.

Starfsmenn sendiráða á Íslandi sem eru erlendir ríkisborgarar og aðrir sem ekki eiga lögheimili á Íslandi skv. ákvæði 5. mgr. 14. gr. laga nr. 80/2018 um lögheimili og aðsetur, eru undanþegnir frá kröfu um skráningu lögheimilis, eigi þeir sannarlega fast aðsetur á íbúakortasvæði.

4. gr. Ökutæki.

Aðeins er heimilt að gefa út íbúakort fyrir ökutæki sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Ökutæki skal bera gild íslensk skráningarmerki.
- b. Ökutæki skal vera heimilt að leggja á götum og almenningsbifreiðastæðum samkvæmt ákvæðum umferðarlaga og lögreglusamþykktar.

Heimilt er að gefa út fleiri en eitt íbúakort fyrir sama ökutæki, að uppfylltum öðrum skilyrðum reglna þessara.

5. gr. Gildissvæði.

Hvert íbúakort gildir innan skilgreinds íbúakortasvæðis. Svæðin skulu ákveðin af umhverfis- og skipulagsráði og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Íbúakort veitir þó ekki heimild til að leggja gjaldfrjálst í stöðureiti á svæðum með gjaldskyldu P4. Kortin veita jafnframt ekki heimild til að leggja gjaldfrjálst á eftirtöldum götum og svæðum:

- a. Laugavegur vestan Snorrabrautar.
- b. Skólavörðustígur milli Laugavegs og Bergstaðastrætis.
- c. Bergstaðastræti milli Laugavegs og Skólavörðustígs.
- d. Bergstaðir bílahús, bílapan við Bergstaðastræti 6.

- e. Kvosin, þ.e. Lækjargata, Kirkjutorg, Pósthússtræti, Austurstræti, Hafnarstræti, Veltusund.
- f. Kirkjustræti, Aðalstræti, Tryggvagata og Naustin.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður skal á vefsíðu sinni birta yfirlitsmynd yfir gildissvæði íbúakorta.

6. gr. Umsókn um íbúakort.

Sækja skal um íbúakort með rafrænum hætti á mínum síðum Reykjavíkurborgar.

Ef umsækjandi er ekki eigandi íbúðar samkvæmt 2. gr., skal undirritað samþykki eiganda íbúðarinnar fylgja með umsókn. Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður skal gera aðgengilegt eyðublað um samþykki íbúðareiganda fyrir nýtingu íbúakortaréttar.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður aflar annarra nauðsynlegra upplýsinga frá umsækjanda og úr opinberum skrá, svo sem þjóðskrá, fasteignaskrá og ökutækjaskrá, eftir því sem við á og í samræmi við gildandi lög.

Úthluta skal umsækjanda korti fyrir það gildissvæði þar sem lögheimili hans er. Ef umsækjandi á lögheimili á mörkum tveggja gildissvæða er honum heimilt að velja á hvoru svæðanna íbúakortið gildir.

7. gr. Gildistími og notkun.

Íbúakort skulu gefin út með rafrænum hætti til eins árs í senn en þó aldrei til lengri tíma en heimild frá eiganda íbúðar eða skráning um umráð ökutækis bera með sér.

Íbúakort verður óvirkt þegar skilyrði fyrir útgáfu þess eru ekki lengur uppfyllt. Handhafa íbúakorts ber að tilkynna Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði, ef skilyrði fyrir útgáfu íbúakortsins eru ekki lengur uppfyllt vegna breyttra aðstæðna korthafa, svo sem vegna flutnings á lögheimili, sölu ökutækis eða annarra sambærilegra atvika.

8. gr. Gjaldtaka.

Fyrir útgáfu, breytingar og endurnýjun á íbúakorti skal greiða gjald samkvæmt auglýstri gjaldskrá. Gjaldið skal greitt þegar umsókn hefur verið samþykkt. Íbúakort er ekki virkjað fyrir en Reykjavíkurborg hefur móttengið greiðsluna.

Á meðan umsókn um íbúakort hefur ekki verið afgreidd og íbúakort ekki verið virkjað ber umsækjanda að greiða fyrir gjaldskyld bílastæði þegar lagt er í þeim á viðkomandi íbúakortasvæði. Sama gildir þegar íbúakort hefur runnið út og ný umsókn hefur ekki verið afgreidd og/eða nýtt kort ekki verið virkjað.

9. gr. Ógilding.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði er heimilt að ógilda íbúakort ef handhafi verður uppvís að misnotkun kortsins. Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður getur einnig ógilt íbúakort ef kunnugt verður um að skilyrði fyrir veitingu íbúakorts eru ekki lengur uppfyllt, án þess að handhafi kortsins hafi tilkynnt um það í samræmi við 7. gr. Handhafi íbúakorts sem hefur verið ógilt í samræmi við ákvæði þetta getur ekki fengið útgefið nýtt kort í tvö ár frá ógildingu útgefins korts.

Ef mánaðarlegar greiðslur eru ekki inntar af hendi er Reykjavíkurborg, bílastæðasjóði, heimilt að fella íbúakort úr gildi.

Reykjavíkurborg, bílastæðasjóður skal tilkynna handhafa íbúakorts um ógildingu korts.

10. gr. Gildistaka og lagastoð.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, voru samþykktar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann xx. Xxxx 2025 og á fundi borgarráðs þann xx. Xx 2025 og taka gildi eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Á sama tíma falla úr gildi eldri reglur um bílastæðakort íbúa í Reykjavík nr. 370/2021. Reglur þessar eru tímabundnar og gilda til 31. desember 2027.

Borgarstjórinn í Reykjavík, xx. xxxx 2025.





Kynning á tillögum úr samráðsgátt vegna draga að reglum um bílastæðakort fyrir íbúa í Reykjavík

DRÖG



Í samráðsgáttina bárust tillögur frá 44 aðilum vegna draga að nýjum reglum um bílastæðakort fyrir íbúa í Reykjavík



1. Sérmerkt stæði fyrir íbúa á gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs

Í miðborginni er fjöldi bílastæða um 0,9 á hverja íbúð. Þá á eftir að taka tillit til atvinnustarfsemi á svæðinu og þeirra sem sækja vinnu, verslun og þjónustu. Því er ekki mögulegt að taka frá sérstök stæði fyrir íbúa. Þá hafa íbúar, sem aðrir, kost á að sækja um áskrift að langtímastæði í bílahúsum borgarinnar.



2. Gjald á íbúakorti 2 verði lægra

Tillaga að gjaldi fyrir íbúakort 2 er 20 þús kr. á mánuði.
Það er sambærilegt gjald og fyrir mánaðaráskrift að stæði
í mörgum bílahúsum borgarinnar.



3. Vilja að hægt sé að sækja um íbúakort 2 (jafnvel fleiri)

Í drögunum er gert ráð fyrir að hægt sé að sækja um viðbótar íbúakort, íbúakort 2, að uppfylltum vissum skilyrðum. Aðeins er gert ráð fyrir einu slíku korti fyrir hverja skilgreinda íbúð.



4. Umbun fyrir þá sem deila bílum

Tillaga að reglum gerir þegar ráð fyrir að fleiri en einn aðili geti fengið íbúakort fyrir sama ökutæki séu þeir skráðir umráðamenn þess.



5. Vilja geta sótt um íbúakort vegna lánsbíla eða vetrarleigu

Það er nú þegar hægt miðað við tillöguna ef viðkomandi er skráður umráðamaður ökutækis í samræmi við ákvæði umferðarlaga.



6. Skilyrða íbúakort við eiganda en ekki bara lögheimili

Tilgangur með bílastæðakortum fyrir íbúa er að auðvelda þeim sem eiga sannarlega fasta búsetu á gjaldskyldum svæðum og í nágrenni þeirra að leggja í nágrenni við heimili sín.



7. Tilboðskjör um kort í bílastæðahúsum

Er ekki hluti af reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Verið er að skoða fjölbreyttari áskriftarleiðir og möguleika í bílahúsum.



8. Að yfirlýsing um afnotaskipti uppfylli skilyrði fyrir íbúakorti ef stæði eru í sameign íbúða og þær íbúðir fleiri en sameiginleg stæði á lóð

Tilefni til að skoða hvort ekki sé rétt að uppfæra reglur.



9. Beina ferðamönnum í bílahúsin

Er ekki hluti reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Verið er að fara yfir hvernig hægt er að hámarka nýtingu bílahúsa og kynna þau betur.



10. Ferðamenn greiði hærra gjald en í bílahúsum

Er ekki hluti reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Rétt er að horfa verður á gjaldskrá bílahúsa og gjaldskrá bílastæða í borgarlandi í samhengi til þess að minnka þörf eftir bílastæðum í borgarlandi og beina ökumönnum frekar í bílahúsin.



11. Merkja bílastæði betur með beinum línunum

Er ekki hluti reglum um bílastæðakort fyrir íbúa.
Ábending móttekin.



12. Ekki verði tímamörk á bílastæðum í íbúagötum

Er ekki hluti af reglum um bílastæðakort fyrir íbúa. Ákvörðun um gjaldskyldu byggir á talningum á nýtingu bílastæða í samræmi við Bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar og verklagsreglum um verðbreytingar gjaldsvæða og innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur.



13. Möguleiki á að færa bílastæðakort yfir á annað bílnúmer / einfalda endurnýjunarferli korta

Unnið er að því að einfalda og sjálfvirknivæða bílnúmerabreytingar á samþykktum umsóknum.

Nýverið var umsóknarferli fært inn í Mínar síður Reykjavíkurborgar, áfram unnið að því að einfalda og sjálfvirknivæði umsóknarferlið.



14. Bifreið skráð á tvö svæði ef tveir umráðamenn

Upprunaleg regludrög gera ráð fyrir að hægt sé að skrá bifreið á fleiri en eitt íbúakortasvæði ef eigendur/umráðamenn búa á sitthvoru íbúakortasvæðinu og uppfylla að öðru leyti skilyrði íbúakortareglna og samnýta bifreiðina. Gert er ráð fyrir að greitt sé fyrir bæði íbúakortasvæðin.



15. Gjald bílastæðakorts ætti að vera tekjutengt eða gjaldfrjálst



16. Íbúakortin ættu ekki að vera svæðisbundin

Í regludrögum er gert ráð fyrir að eigi umsækjandi lögheimili á mörkum tveggja íbúakortasvæða sé honum heimilt að velja á hvoru þeirra kortið gildi enda tilgangur með bílastæðakortum fyrir íbúa að auðvelda þeim sem eiga sannarlega fasta búsetu á og í nágrenni gjaldskyldra svæða að leggja í nágrenni við heimili sín. Ef svæðin eru of stór dregur það úr virkni kerfisins og tilgangi gjaldskyldu.



18. Bílastæðakort handa iðnaðarmönnum

Er ekki hluti af reglum um bílastæðakort fyrir íbúa.
Væri sér ákvörðun.



19. Taka mið af fjölda íbúa yfir 18 ára aldri ekki fjölda íbúða

Í miðborginni er fjöldi bílastæða um 0,9 á hverja íbúð. Þá á eftir að taka tillit til atvinnustarfsemi á svæðinu og þeirra sem sækja vinnu, verslun og þjónustu. Einnig hafa íbúar, sem aðrir, kost á að sækja um áskrift að langtímastæði í bílahúsum borgarinnar.



20. Íbúakort 2 aðeins þar sem fleiri en ein íbúð er í húsi

Upprunaleg regludrög gera ráð fyrir að auka sveigjanleika með íbúakorti 2.



21. Geta sótt um íbúakort án þess að eiga bíl

Upprunaleg regludrög gera ráð fyrir samræmi við að umsækjandi sé skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis í samræmi við ákvæði umferðarlaga.



22. Íbúakortin ættu ekki að vera svæðisbundin

Í regludrögum er gert ráð fyrir að eigi umsækjandi lögheimili á mörkum tveggja íbúakortasvæða sé honum heimilt að velja á hvoru þeirra kortið gildi.

Álit úr samráðsgátt vegna reglna um bílastæðakort íbúa í Reykjavík

1.

Athugasemd við skilyrðið: „Umsækjandi skal vera skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis samkvæmt 4. gr., sbr. 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.“ Sem eigandi íbúðar í miðborginni þar sem ég er einnig með lögheimili vil ég geta sótt um íbúakort þó að ég eigi ekki bíl. Íbúakort ætti að fylgja íbúðar- eða húseign, ekki því hvort fólk er eigandi bíls eða ekki. Fjöldi fólks sem velur að búa í miðborginni er alla jafna bíllaust. Eins og við vitum öll er engin leið að vera alltaf bíllaus á Íslandi og því er algengt að fá lánaðan eða leigðan bíl til styttri tíma, til dæmis hjá ættingjum eða vinum. Birta Svavarsdóttir

2.

Mig langar að vekja athygli á því að nú þegar það er margra ára bið eftir því að komast í bílastæðahús í 101 þá er nánast ómögulegt að vera með fleiri en einn bíl á fjölskyldu í miðbænum. Það er ekki hægt að kaupa mánaðarkort eða annað til þess að létta lífið fyrir fjölskyldur sem eru með fleiri en einn bíl (og með ADHD svo skífupeytingar gleymast auðveldlega). Þess vegna væri gott að geta sótt um íbúakort tvö jafnvel þó að það þyrfti að borga hærra árgjald en fyrir kort 1. Anna Sigríður Vilhelmsdóttir

3.

Í ljósi þess að tekin hefur verið upp gjaldskilda meiripart sólarhringsins, alla daga vikunnar er algjörlega óviðunnanndi að ekki sé hægt að fá íbúakort ef íbúð fylgi réttur til notkunar á bílastæði innan lóðar. Sama hve mörg búa í húsinu og þó aðeins sé um eitt stæði á lóð að ræða.

4.

Það þarf að fjölga bílastæðakortum þannig að fleiri en 1 bíll geti verið á hverju fastanúmeri. Íbúasamsetning Reykjavíkur hefur breysts mikið undanfarna áratugi og fólk býr í foreldrahúsum lengur en áður. Ekki er ólíklegt að í á hverju mannmörgu heimili séu 2-3 bílar. Það er ósanngjarnt að aðeins 1 bíll geti verið með bílastæðakort á hverju fastanúmeri. Reglurnar ættu að taka mið af fjölda íbúa sem er eldri en 18 ára. Þetta þýðir ekki að það ætti að vera sjálfsagt að þar sem býr í íbúð, séu bæði með bílastæðakort en það ætti að skoða hvert mál fyrir sig. Í ákveðnum tilfellum ætti það að vera réttlætanlegt.

Ef að borgarstjórn heldur í núverandi reglur (sem eru að margra mati einstrengingslegar) þá kyndir það aðeins undir gremju íbúanna með tilheyrandi leiðindum. Ef ég tek dæmi af mínu heimili þá erum við 3 í heimili. Hjón á miðjum aldri og sonur okkar sem á bíl enda vinnur hann á Keflavíkurflugvelli. Það eru sem sagt 2 bílar á heimilinu og það væri afskaplega ranglátt ef að sonur okkar fengi ekki bílastæðakort. Það mundi bara verða til þess að hann legði bílnum sínum þar sem hann á ekkert erindi að leggja honum. Bílastæðavandamálið færir bara. Það er varla meiningin með reglugerðinni um bílastæðakort.

Ég minni á að þegar byrjað var að rukka fyrir bílastæði í hverfinu fyrir neðan Landakotskirkju og suð-austan megin við Hofsvallagötu, þá tók hverfið stakkaskiptum til hins betra og alveg ljóst að margir sem sóttu vinnu í miðbænum lögðu bílum sínum í hverfinu. Þetta hætti alveg en vandinn færðist einfaldlega um set og bílum fjölgaði stórlega hinumegin við Hofssvallagötu.

Ég vona að borgarstjórn kynni sér málið til hlýtar og búi til réttlátar reglur sem taka mið af veruleikanum eins og hann er, en ekki samkvæmt veruleika sem er ekki til. Ég sé fyrir mér að í húsum með mörgum íbúum ættu að gilda aðrar reglur en fyrir hús með fáum íbúum. Fjölbýlishús með 6 íbúðum ættu að hætta að miða við 6 bílastæðakort og taka mið af fjölda íbúa eldri en 18 ára. Ef í einni íbúð eru t.d 5 fullorðnir, þá ætti að vera hægt að fá amk 3-4 bílastæðakort en að sjálfsögðu ætti ekki að vera hægt að fá mörg bílastæðakort á einn og sama eigandann. Þar myndi ég draga línuna ef ég væri kóngurinn yfir Reykjavík.

Það þarf að búa til réttlátt kerfi sem illmögulegt er að svindla á. Það er alveg hægt. Svo er alltaf heillaráð fyrir Reykjavík að geta krafist endurgreiðslu ef upp kemst um svild og misnotkun. Það er mikilvægt að þetta takist vel til, því augljóst er að útvíkka þarf gjaldskildu á bílastæðum í Reykjavík. Það er sérkennilega að þetta eigi aðeins um póstnúmer 101 og 107. Með kveðju og von um góðar undirtektir Teitur Atlason

5.

Ég vil vekja athygli á þeirri stöðu sem við íbúar í fjölbýlishúsi við Baldursgötu í Þingholtunum stöndum frammi fyrir, sem ég tel að gæti einnig átt við um fleiri fjölbýlishús í eldri hverfum borgarinnar. Við búum í sex íbúða húsi með tveimur bílastæðum á baklóð, sem eru í sameign samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.

Samkvæmt gildandi reglum um íbúakort telst íbúum ekki heimilt að sækja um bílastæðakort ef sameigninni fylgir bílastæði, nema eignaskiptayfirlýsingin tilgreini skýrt að tiltekin íbúð hafi ekki rétt til afnota. Það þýðir í okkar tilfelli að þótt hver íbúi eigi í reynd aðeins 1/3 hluta í bílastæði, þá útilokar það allt húsið frá því að sækja um íbúakort. Í framkvæmd þýðir þetta að um leið og fleiri en tveir íbúar í húsinu eiga bíl skapast vandræði og þá eru stæðin í raun nýtt eftir "fyrstur kemur fyrstur fær" fyrirkomulagi, án formlegs úthlutunarréttar. Það að vísa í sameiginlegan aðgang sem „aðgang að bílastæði“ gerir því ráð fyrir fullum afnotarétt, sem er langt frá því að vera raunveruleikinn í tilvikum sem þessum.

Okkur var bent á að eina leiðin til að sækja um íbúakort væri að breyta fyrirkomulaginu og færa stæðin yfir á ákveðnar íbúðir, þ.e. með öðrum orðum að einkavæða þau. Slíkt væri miður, sérstaklega þar sem sameiginlegt eignarhald og nýting á lóð og bílastæðum hefur verið við lýði á þessu svæði frá því um miðja síðustu öld.

Ég vil því hvetja Reykjavíkurborg til að endurskoða hvernig farið er með sameignarstæði í reglum um íbúakort. Það ætti að vera svigrúm til að meta hlutfallslega nýtingu og raunverulegt aðgengi, sérstaklega í eldri húsum þar sem ekki er hægt að tryggja öllum íbúum stæði, þrátt fyrir að bílastæði sé á lóð. Í ljósi þess að nú stendur til að rýmka reglur um íbúakort nr. 2, vil ég leggja til að einnig verði tekið á þeim aðstæðum þar sem íbúar eiga aðeins hluta í sameiginlegu stæði en hafa ekki full not af því og fá þannig hvorki bílastæði né íbúakort. Virðingarfyllst, Steinunn Bragadóttir

6.

Hver er munurinn á bílastæðum í miðborginni og t.d í úthverfum borgarinnar þar sem menn geta lagt óháð gjaldskyldu. Er eignarhald á þessum bílastæðum það sama? Guðný Þorbergsdóttir

7.

Að sami bíll geti verið skráður á tvö svæði ef það eru tveir umráðamenn með lögheimili og eigendur að sitt hvoru húsnæðinu og eitt gjald greitt (enda getur bara bíllinn lagt í eitt stæði í hvert skipti). 3. gr. umsækjandi c. Umsækjandi skal vera skráður eigandi eða umráðamaður ökutækis samkvæmt 4. gr., sbr. 37. tl. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

8.

Ég legg til að tekið verði upp íbúakort B sem veitir fjölskyldum sem neyðast til að hafa tvo bíla meira svigrúm. Íbúakort B myndi virka eins og eldri gjaldskyldan, þ.e. gjaldfrjálst frá kl. 17:00 til 9:00 að morgni og á sunnudögum. Þetta skerðir þannig ekki stæðaúrval fyrir verslun á álagstímum en sýnir jafnframt tillitssemi við íbúa. Bergur Kristjánsson

9.

Í fyrsta lagi vil ég leggja til að hægt verði að færa bílastæðakort auðveldlega yfir á annað bílnúmer samstundis, hvort sem er í smáforriti eða á heimasíðu.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því að strax eftir kl. 21:00, þegar gjaldskylda fellur niður, er algengt að fólk leggi hvar sem pláss finnst, hvort sem það er löglegt eða ekki í gamla Vesturbænum. Bílum er þá gjarnan lagt við gangbrautir, brunahana og í beygjur. Þetta virðist hafa fest sig í sessi sem viðtekin venja, þar sem sektir eru sjaldgæfar á þessum tíma. Það gæti borgað sig að hafa stöðumælaverði á vakt á kvöldin og snemma á morgnana. Ég hef til dæmis oft séð fólk með barnavagna eiga erfitt með að komast leiðar sinnar á Seljavegi, þar sem bílum er oft lagt fyrir gangbrautir. Skyggni fyrir gangandi vegfarendur og ökumenn er þar af leiðandi takmarkað, sem getur verið sérstaklega hættulegt börnum.

10.

Mig langar að byrja á að ræða íbúakortin. Það á ekki að vera vandamál að fá fleiri en eitt íbúakort á heimili, eins og vitað er búa oft fleiri en einn fullorðinn á einu heimili, sérstaklega í því húsnæðis-árferði sem loðir við íslenskt samfélag, en einnig vegna þess að íbúar hér í miðborginni ættu að hafa rétt á íbúakorti fyrir fleiri en einn fullorðinn, það er óréttlæti í reglunum eins og þær eru og þetta skapar úlfúð meðal íbúa og veldur því að heimilismenn leggja gjarnan bílum sínum þar sem þeir ættu ekki að gera það, eða við heimili annarsstaðar í gjaldfrjáls stæði.

Varðandi tímamörkin á ákveðnum bílastæðum, þá er það augljóst mál að slíkt ætti ekki að viðgangast við íbúagötur, fólk fær gesti og svo framvegis, það á ekki að þurfa að útskýra það. Að bjóða fólki auka íbúakort fyrir 20þúsund krónur á mánuði er í skásta falli dónaskapur. Við greiðum hér útsvar og annað og það á ekki að bjóða upp á svona vitleysu.

Varðandi það að deilibílafyrirtæki fái frítt í stæðin okkar hér í íbúagötum er einnig í skásta falli verulega vanhugsað. Við sem búum hér þolum nú þegar bíla í stæðum í miklu magni á vegum ferðamanna. Ég skil að það sé ekki hægt að beina þessum bílum í bílastæðahúsin þar sem stæðin þar eru ekki á vegum RVK en að það sé verið að skapa hvata fyrir íbúa til að nota deilibíla með þessum hætti er mikil vitleysa, þetta eru bara einkafyrirtæki sem reka þessa bíla og þeir eru ekki á lausu fyrir íbúa til að nota á daglegum basis til og frá vinnu.

Ég hvet ykkur hjá Reykjavíkurborg til að ræða við íbúa og komast þannig að hvað er best að gera og finna einhvern milliveg, vissulega er millivegurinn erfiðastur, en það er eini vegurinn

að fara í samráði við íbúa, þetta er engan veginn nógu gott eins og er og ekki í þágu neins nema fyrirtækja og ferðamanna. Með von um úrlausn og skýrari hugsun í þessu máli. Helga Völundardóttir

11.

Það er löngu tímabært að gefa íbúum miðborgar kost á fleiru en einu íbúakorti. Ekki síst eftir að tímasetningu gjaldskyldu var breytt, þannig að íbúar án íbúakorts þyrftu að greiða fyrir stæði kl. 09-21 alla daga. Fyrir utan að það er alls ekki auðvelt að finna stæði á svæðinu, m.a. vegna fjölda airb&b íbúða, hefur þetta verið algerlega óásættanlegt ástand undanfarið.

Það er því fagnaðarefni ef íbúakort 2 verður að veruleika - EN, hins vegar er fyrirhugað gjald gersamlega út úr korti. Að stjórnendum borgarinnar finnist rétt að íbúar þurfi að greiða 240 þúsund á ári fyrir þetta kort er óskiljanlegt. Legg til að gætt verði sanngirni og að íbúakort 2 kosti það sama og íbúakort 1. Það er jú ekki langt síðan gjald fyrir íbúakortið (1) var hækkað margfalt. Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir

12.

Það er löngu tímabært að gefa íbúum miðborgarinnar kost á að hafa fleiri íbúakort en eitt, ekki síst eftir að sá tími sem gjaldskylda er í gangi var lengdur verulega og er kl. 09-21 alla daga. Þetta hefur verið mjög íþyngjandi og kostnaðarsamt fyrir okkur íbúa á sama tíma að stöðugt er erfiðara að finna stæði, m.a. vegna óhóflegs fjölda airb&b íbúða á svæðinu.

Það er því fagnaðarefni ef íbúakort 2 verður að veruleika – EN, hins vegar er fyrirhugað gjald fyrir það gersamlega út úr korti! Að stjórnendum borgarinnar leggi til að láta miðborgaríbúa borga 240.000 á ári fyrir íbúakort 2 finnst mér algerlega óskiljanlegt og fullkomlega ósanngjarnt.

Ég legg til að íbúakort 2 verði á sömu kjörum og íbúakort 1, og minni á að gjaldið fyrir það var margfaldað ekki fyrir svo löngu. Ef áhugi er hjá borgarstjórn að „venjulegt fólk“ búi áfram í miðborginni, gengur þessi framkoma gagnvart okkur ekki. Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir

13.

Í fyrsta lagi þarf að útvíkka reglur / svæði fyrir íbúakort yfir sumarið þegar mestur fjöldi ferðamanna er á Íslandi - og gistir í Þinghóltunum. Ég bý á Grettisgötu 13 og er á bílastæðasvæði B. Það kemur mjög oft fyrir að ef ég er á ferðinni eftir kvöldmat þá þarf ég að rúnta hér hring eftir hring til að finna stæði - sem annars eru þökkuð af bílaleigubílum t.d. bæði á Grettisgötu og Njarðargötu.

Vinnu minnar vegna er ég oft að bera dót fram og tilbaka frá heimili mínu og það er mjög vont fyrir mig að þurfa að leggja langt í burtu þegar svo ber undir. Og oftast en ekki þarf ég því að leggja í stæði utan mín svæðis (t.d. á Grettisgötu hinum megin við Frakkastíg sem er utan svæðis) og er svo rukkuð í ofanálág þegar rukkun hefst.

Það er mjög ósanngjarnt að allur þessi bílafloki ferðamanna taki svona mörg stæði en á sama tíma eru bílastæðasvæðin - eða svæði þar sem íbúar geta lagt löglega ekki stækkuð, t.d. í einhvern radíus frá heimili. Ég er t.d. aldrei að leggja á Skothúsveg eða Freyjugötu (b svæði) því það er einfaldlega of langt fyrir mig ef ég er með mikið dót að bera. Þá er betra fyrir mig að leggja lengra inn á Njálsgötu eða Grettisgötu, en þá er ég komin inn á f- svæði og þarf að borga í stöðumæli sem er ósanngjarnt þar sem ég er hvort eð er með íbúakort.

Það þyrfti að vera meiri sveigjanleiki með þetta, sérstaklega yfir hásumarið og þegar það er allt að drukkna í ferðamönnum og bílaleigubílum hér. Bílastæðum á Grettisgötu milli Klappastígs og Frakkastígs hefur auk þess verið fækkað verulega á síðustu árum. Stæði sem áður voru ætluð almenningi t.d. fyrir aftan Verslanahöllina eru fyrirtækjastæði núna, og tvö gömul hús hafa verið flutt á Grettisgötu 9, þar sem á báðum lóðum voru fjölmörg stæði.

Þar að auki eru merkingar fyrir þau stæði sem eftir eru nær alveg farnar og þessi örfáu stæði eru oft mjög illa nýtt. Það var síðast í fyrradag sem ég fann ekkert stæði annað en á Klapparstíg hvar ég lagði eftir mikla leit. Á leið heim til mín þetta sama kvöld tók ég myndir af mjög illa nýttum stæðum, og þær eru hér meðfylgjandi. Þessar myndir voru allar teknar um kl. 23:30 og sýna illa nýtt bílastæði frá Grettisgötu 4 - 16. Eins og myndirnar sýna, virðast þessar litlu línur sem eftir eru, að rugla fólk í rýminu og það ýmist leggur yfir þær eða ekki með þeim afleiðingum að stæði verða mjög illa nýtt. Þetta er ítrekað að koma fyrir, svo þau örfáu stæði sem eru hér, eru mjög oft illa nýtt. Ég tel að það gæti leyst vandann að einhverju leiti að merkja einfaldlega heilar beinar línur, til að merkja bílastæðin sbr. bílastæðin efst á Grettisgötu þar sem alltaf er mun betur lagt því stæðunum eru ekki skipt upp á lengdina.

Illu nýtt bílastæði á Grettisgötu 4-16, 13. júlí 2025 kl. 23:30



"Bílastæðamál miðbær Reykjavík. Bílastæðamál hafa verið í ólestri í miðbæ Reykjavíkur, sérstaklega fyrir þá sem hafa fasta búsetu í miðbænum.

Það að íbúar sem eru handhafar íbúakorts séu í samkeppni um bílastæði við ferðapjónustuna og nánast alla gesti miðborgar er ekki gott og alls ekki til þess fallið að sátt sé um málið.

Einnig er það flókið þegar staðið er í framkvæmdum og oft töluverður aukakostnaður við að fá iðnaðarmenn og margir sem ekki taka að sér verk í miðbæ. Það þarf að beina gestum sem eiga erindi í miðbænn og ferðamönnum í miklu meira magni í bílastæðahúsin og efla þau. Víða erlendis eru íbúastæði aðgreind t.d., blámáluð og það er miklu dýrara að borga fyrir að leggja í þeim heldur en í bílastæðahúsi. Eftirfarandi er lagt til

1. Að leggja áherslu á að bílastæði í miðbænum séu merkt sem íbúastæði. Þetta á sérstaklega við þau stæði sem handhafar bílastæðakorta eiga almennt að geta gengið að vísum enda hafa þeir greitt fyrir. Það er ekki forsvaranlegt að selja þeim sem hafa fasta búsetu í miðbænum íbúakort án þess að gerðar séu lágmarksráðstafanir til að tryggja þeim bílastæði.

2. Að beina ferðamönnum og öðrum sem eiga erindi í miðbænn í bílastæðahúsin.

3. Að haga því þannig að ef ferðamenn eða aðrir gestir í miðborgina leggja í íbúastæði þurfi þeir að greiða mun hærra gjald en ef þeir leggja í bílastæðahúsi.

Ég skora á borgina að koma með lausn sem er ásættanleg fyrir íbúa miðborgar því það er sannarlega til bóta fyrir mannlíf miðborgar að þar vilji fólk búa og ekki bara þeir bíllausu." Sigríður Guðsteinsdóttir

15.

Ég fagna því að íbúum sem eiga bílastæði í bílakjallara og greiða af því fasteignagjöld til borgarinnar skuli nú verða heimilt að sækja einnig um íbúakort fyrir bíl. En mér þykir verðið allt of hátt, kr. 240.000 á ári. Við hjónin fluttum fyrir tæpum fimm árum í núverandi heimili okkar. Síðan hefur borgin breytt svæðinu úr P3 í P1 og lengdi greiðslutímann til kl. 9 á kvöldin alla daga. Það hefur því ansi mikið verið þrengt að á okkar slóðum.

16.

Athugasemd við 2. gr. Íbúð. Varðandi yfirlýsingu um afnotaskipti þar sem fleiri íbúðir en sameiginleg bílastæði eru innan lóðar. Ég er íbúi á gjaldskyldusvæði P2 í gamla Vesturbænum sem býr í húsi frá 1928 með tveimur sameiginlegum bílastæðum sem að þrjú fastanúmer deila.

Við höfum fengið neitun um íbúakort vegna reglna, og okkur bent á að breyta þurfi eignaskiptayfirlýsingu og afsala rétt að sameiginlegu bílastæði á lóð.

Athugasemdin mín liggur í því að breyta orðalagi og leyfa „yfirlýsingu um afnotaskipti“ þó svo að gildandi eignaskiptayfirlýsing hússins staðfesti að það séu fleiri íbúðir en sameiginleg bílastæði á lóð.

Sem dæmi er hægt að breyta orðalaginu í reglunum með því að bæta eftirfarandi setningu innan () við: „(Þar sem bílastæði eru í sameign og/eða) þar sem ekki liggur fyrir eignaskiptayfirlýsing og íbúðir eru fleiri en bílastæði innan lóðar, nægir yfirlýsing um

afnotaskipti, þar sem taldar eru upp þær íbúðir sem hafa afnotarétt af stæðum í sameign innan lóðar.

Sama á við ef um er að ræða húsnæði með blandaða notkun, s.s. atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Ég átta mig ekki á því, í ljósi minna aðstæðna, af hverju staðfesting í eignaskiptayfirlýsingu um að bílastæði séu í sameign, felli úr gildi rétt íbúa til afgreiðslu íbúakorts. Er rökstudd ástæða?

Í okkar tilfelli myndi auðveldlega leysa bílastæðavandamál hússins ef einn aðili fengi afgreitt íbúakort, með því einfaldlega að senda inn yfirlýsingu um afnotaskipti. Mig grunar að ástæða höfnunar á umsókn um íbúakort sé mistúlkun á reglunum vegna orðalags. Vona að þetta verði tekið til greina. Kolbeinn Hringur Bambus Einarsson

17.

Ekkert ykkar var kosið til að eyðileggja reykjavík með þessum öfgum og skattþíningu !!!
Ragnar Örn Eiríksson

18.

Ég fagna því að íbúum verði loksins gefinn kostur á því að fá íbúakort 2 en hins vegar vantar rökstuðning fyrir því að gjaldið verði 20 þúsund krónur á mánuði. Til samanburðar kostar venjulegt íbúakort 1 1.450 kr á mánuði fyrir bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni eða vetni. og 2.900 kr á mánuði fyrir aðrar bifreiðar en svo er lagt til að gjald fyrir íbúakort 2 verði 20.000 kr á mánuði sem er sirka 7 sinnum hærra verð og enginn afsláttur fyrir rafmagnsbíla. Hvers vegna nákvæmlega er lagt til að gjaldið verði 20 þúsund krónur á mánuði?

Mér þætti eðlilegra að verð fyrir íbúakort 2 væri til dæmis tvöfalt verð fyrir íbúakort 1. Eins og bent hefur verið á í öðrum umsögnum yrði verð á ári fyrir íbúakort 2 240.000 kr á ári sem er mjög íþyngjandi gjaldtaka fyrir venjuleg heimili. Ef gjaldið fyrir íbúakort 2 væri t.d. tvöfalt verð íbúakorts 1 eða 5.800 kr á mánuði væru það 69.600 kr á ári (34.800 kr fyrir rafmagnsbíl), og munar það þá 170.400 kr á ári (205.200 kr fyrir rafmagnsbíl). Að slengja fram þessari tillögu að gjaldi í lok tillögunnar án rökstuðnings ber þess merki að lítil virðing sé borin fyrir þeim íbúum sem þurfa að greiða þessar svakalegu upphæðir. Guðrún Hulda Ólafsdóttir

19.

Sem íbúi í gamla Vesturbæ tek ég fagnandi boðaðri breytingu um að annað bílastæðakort verði í boði fyrir íbúa og hægt verði að skrá tvö kort á hvert fastanúmer. Þetta mun létta mjög á heimilinu þar sem eru tveir bílar og fimm með bílpróf.

Eftir að breyting var gerð og svæðinu við heimilið var breytt í P2 hefur það aukið möguleika á að fá stæði við heimilið sem léttir undir sérstaklega þegar þarf að ferja matvöru og önnur aðföng í hús.

Hins vegar hefur reynst erfiðara og erfiðara að fá stæði fyrir bíl tvö á heimilinu og þurfum við oft að leggja mjög langt frá eða hreinlega borga í mælinn með tilheyrandi kostnaði fyrir námsmennina á heimilinu sem nota þann bíl.

Geri hins vegar athugasemd við gjaldið sem taka á fyrir íbúakort númer tvö. Við höfum skilning á að gjaldið verði hærra á korti númer tvö, en 240.000 kr á ári bita verulega í heimilisbókhaldið. Svo má velta fyrir sér þessari gjalddöku miðað við önnur borgarhverfi og hvort ekki sé um mismunun að ræða. Hæfilegt gjald fyrir kort tvö ætti að vera um 6000 kr eða um helmingi hærra en á korti nr 1.

Reykjavíkurborg ætti einnig að gera þeim sem vinna í miðborginni tilboð um kort í bílastæðahúsum borgarinnar svo að nýtingin þar verði betri á dagvinnutíma á virkum dögum. Á morgnana sér maður strollu af fóki leggja í íbúðargötum á leið sinni til vinnu í miðborginni og íbúar sem ekki eru með gjaldskyldu í sinni götu eiga ekki séns að fá stæði við heimili sitt. Að lokum vil ég benda á að Landspítali Landakot hefur nú lokað bílastæði við spítalann, þú þarft að vera starfsmaður til að leggja þar. Væri ekki hægt að ræða við Landakot um að opna slánna á kvöldin eftir kl 18 og um helgar þegar færri eru við vinnu. Þá mundi velta og nýting á þeim stæðum verða mun betri. Hægt væri að setja skilyrði að bílar yrðu farnir fyrir kl 8 á virkum dögum. Við þessa breytingu hafa heimsóknargestir sjúkrahússins farið að leggja í íbúagötunum í kring sem ekki hefur auðveldað íbúum að fá stæði heima hjá sér. Bestu kveðjur og takk, Sigríður Kristín Birnudóttir

20.

Í fyrsta lagi eru svik að selja aðgang að stæðum sem þið vitið að eru ekki til. Nú þegar eru alltof fá stæði fyrir íbúa í miðbæ Reykjavíkur og stöndum við íbúar í kappi við ferðapjónustuna og deilibílapjónustu.

Þetta þarf að laga og merkja þarf viss stæði nálægt íbúðahúsum sem einungis fyrir íbúa. Þá get ég helst talað fyrir minni götu, Bríetartúni, þar sem íbúar eiga í miklum vandræðum með að fá stæði, þá helst vegna ferðamanna. Bílajallarinn á Höfðatorgi vannýttur og allt hér í kring í ólestri.

21.

Góðan dag, Ég myndi vilja sjá að íbúakort séu tengd við eignir, ekki aðeins lögheimili. Ég er prófessor bæði við Háskólann í Kaupmannahöfn og Háskóla Íslands. Þar sem ég get aðeins verið með eitt lögheimili, þá er það í Kaupmannahöfn. Ég er eigandi íbúðar á Ásvallagötu þar sem ég bý með drengina mína tvo þegar ég er við vinnu á Íslandi, sem er um 40% ársins. Þrátt fyrir að vera eigandi íbúðarinnar og bíls sem er hér á landi, þá hefur mér verið neitað um íbúakort. Þessu myndi ég gjarnan vilja fá breytt. Bestu kveðjur, Pétur Orri

22.

Tryggja þarf sveigjanleika í útfærslu og að hægt sé að fá bílastæðakort fyrir láns-, bílaleigu- og/eða deilibíla. Fjöldmörg dæmi eru um að fólk reki ekki eigin bíl en hafi til umráða bíl hluta úr ári, s.s. lánsbíla eða bíla í vetrarleigu. Eins eru dæmi um aðila sem kaupa saman bíl og reka í sameiningu, deila bíl, oft á milli hverfa.

Gera þarf ráð fyrir mismunandi eignarhaldi og rekstrarformi og koma til móts við fólk sem sannarlega er að stuðla að minnkandi bílanotkun í borginni og léttu álagi af innviðum hennar. Lítið mál ætti að vera útfæra skráningu á þessum ökutækjum til að útvega "eigendum" bílastæðakort og eflaust eru til fyrirmyndir frá öðrum löndum. Vilji er allt sem þarf.

Reykjavíkurborg þarf almennt í aðgerðum sínum (í þessu tilfelli útfærslu bílastæðakorts) að styðja við þær stefnur sem hún er að reka en ekki vinna gegn þeim. Með því að gera ráð fyrir

Þessum hópi fólks styður borgin við þá stefnu sem mörkuð hefur verið, vinnur að því að minnka vægi einkabílsins og stuðla að vexti virkra samgöngumáta og bíllausis lífsstíls.

23.

Athugasemd við 2. gr.- Jafnræði íbúa til að fá eitt íbúakort. Gæta þarf jafnræðis meðal íbúa um samþykki á einu íbúakorti áður en farið er í að samþykkja kort númer tvö fyrir þá sem þegar hafa samþykkt kort. .

Samkvæmt núgildandi reglum, og að því er virðist einnig samkvæmt tillögu að breyttum reglum, fá íbúar með sameiginleg stæði innan lóðar, sem þó eru færri en íbúðir í húsi, ekki samþykkt íbúakort fyrir íbúðir umfram stæði. Jú bíðið við, þetta á þó ekki við um íbúa sem hafa EKKI gert lögbundna eignaskiptayfirlýsingu um sameiginlega lóð sem nýtt er undir bílastæði.

Fyrir þá íbúa dugir að senda yfirlýsingu húsfélags um afnotaskipti af stæðum innan lóðar. Og fá þeir þá samþykkt íbúakort fyrir þann fjölda íbúða sem eru umfram stæði. Það sama á ekki við um fasteignaeigendur sem hafa gert lögbundna eignaskiptayfirlýsingu um lóð í óskiptri sameign.

Þeim íbúum hefur frá samþykki núgildandi reglna frá 2021, verið gert að taka upp áratuga gamlar eignaskiptayfirlýsingar og kveða á um hvaða íbúðir mega nýta stæði innan lóðar og hverjar ekki. Þetta er algjörlega ómöguleg staða og fráleit krafa af hálfu Reykjavíkurborgar að gera íbúum að skerða eignarrétt sinn yfir sameiginlegri lóð með því að þinglýsa skjali um skertan eignarrétt að lóð í óskiptri sameign.

Í okkar húsi eru níu íbúðir en fimm stæði í óskiptri sameign á baklóð. Hér er enginn að sækja um kort númer tvö.

Við óskum eftir samþykki á fjórum kortum þ.e. fyrir fjölda íbúa umfram stæði á lóð. Við höfum fengið synjun á íbúakortum frá 2021.

Staðan er sú að íbúar fjögurra íbúða verða að leggja í gjaldskyldu (P1) eða keyra bílinn á gjaldfrjálst svæði - ef þeir eru svo óheppnir að nágrannar þeirra eru komnir heim á undan þeim. Já eða óviðkomandi hafa stolist í stæðin sem gerist oft. Þetta hefur verið sérlega íþyngjandi eftir breytingar á gjaldskyldu 1. október 2023.

Mikil skerðing á lífsgæðum og streituvaldandi, sérstaklega fyrir barnafólkið í húsinu. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að yfirlýsing húsfélags um afnotaskipti af stæðum innan lóðar verði einnig tekin gild þar sem eignaskiptayfirlýsing liggur fyrir. Minni svo hlutaðeigandi hjá Reykjavíkurborg á jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnarsýsluréttarins og eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Vala Hrönn Viggósdóttir

24.

Í útfærslu reglna um bílastæðakort verður borgin að gera ráð fyrir og styðja við bíllausan lífsstíl og virka ferðamáta. Gera þarf ráð fyrir að fólk sé t.d. aðilar að deilibílum, og stuðla þannig að minni bílnotkun. Mörg eiga ekki bíl og reka ekki bíl allt árið en eru stundum með bíl til umráða og þyrftu að fá bílastæðakort á þeim tímabilum.

Dæmi eru um að fólk sé með bíl á vetrarleigu, í láni hluta úr ári, eða aðilar að bílasamlagi með fólki jafnvel úr öðrum hverfum. Það þarf að koma til móts við fjölbreytt eignarhald og ólík rekstrarform og styðja íbúana í að minnka vægi einkabílsins.

Til að styrkja þetta enn frekar ætti að skoða að umbuna með einhverjum hætti fólki sem dregur úr bílnotkun - annað hvort í gegnum þetta kerfi, nú eða í fasteignagjöldum og húsnæðisbótum. Þessar aðgerðir væru fullkomlega í samræmi við samþykktar stefnur borgarinnar og myndu hjálpa til við að uppfylla markmið þeirra fyrr en ella. Hilmar Hildarson Magnússon

25.

Heil og sæl, Bestu þakkir fyrir þetta framtak að leita eftir áliti okkar íbúa á þessu máli. Ég bý á Njálsgötu 37 og er svo lánsöm að hafa einka bílastæði hér á lóðinni minni. Það kom mér þó mjög á óvart þegar við fluttum hingað fyrir fjórum árum síðan að vegna þessa, þá hef ég ekki rétt á að sækja um íbúakort. Ég legg að sjálfsögðu alltaf í stæðinu mínu, en stundum þarf ég að leggja í götunni þegar innkeyslan hjá mér er í notkun (flutningabíll eða annað bras) og þá finnst mér helvíti hart að þurfa að greiða fyrir notkun stæðis í minni eigin húsaröð einsog hver annar gestur eða túristi.

Verst finnst mér þó að þegar ég nota bílinn minn hér í miðborginni fyrir verslun og þjónustu þá þarf ég að greiða fyrir stæðisnotkun í mínu eigin hverfi. Þarna finnst mér hreinlega verið að gera upp á milli mín og nágranna minna hér í götunni sem hafa ekki einkastæði. Ég hefði haldið að borgin ætti bara að vera ánægð með það við sem sjáum af hluta lóðar okkar fyrir bílastæði séum þannig að létta á hvað varðar stæðis notkun í miðborginni almennt og ætti þá ekki að vera refsað fyrir það með þessum hætti.

Mér þætti mjög vænt um ef þið sæjuð ykkur fært að endurskoða þetta skilyrði fyrir íbúa korti sem mér finnst ég sannarlega eiga rétt á, líkt og aðrir íbúar í götunni. Að endingu vil ég benda á að það væri frábært að geta í það minnsta sótt um íbúakort fyrir bíl númer 2 á heimilinu. Nú er unglingurinn kominn með bílpróf og væri leitt ef hann geti ekki lagt ókeypis á sínu eigin heimili þegar hann kaupir sína fyrstu bifreið.

Þessu til rökstuðnings bendi ég á að húsið/lóðin hér við hliðina á okkur hefur t.d. 3 íbúðir plús bakhús og því leyfi fyrir 4 íbúða kortum. Við búum í litlu einbýli á okkar lóð og höfum ekki rétt á einu einasta íbúa korti, þetta er hrein og klár mismunun. Með vinsemd og virðingu, Tinna Þórudóttir Þorvaldar.

26.

Mér finnst gott að íbúar geti sótt um aukakort pr. íbúð, hins vegar finnst mér það fullt dýrt. Annað sem mig langar að koma á framfæri er afhverju eru stæði borgarstofnana (t.d. skóla) og ríkisstofnana sem eru læst með hliði ekki opin milli t.d. 17:00-07:30 svo íbúar geti nýtt þau yfir nóttina. Það er svo bara hægt að hafa þannig kerfi að ef bílnum er ekki ekið út um hliðið fyrir ákv. tíma að morgni þá kemur mjög há sekt sem bítur í, þannig að fólk gerir það bara einu sinni. Það er alveg sorglegt að sjá þessi stæði tóm (sum í einhverja mánuði á meðan vinnustaðirnir eru lokaðir) á kvöldin og um helgar. Held að þetta geti leyst ýmis vandamál. Ég bý t.d. á Bergþórugötu og hún er yfirleitt full af bílaleigubílum því að þar er minni gjaldskylda en í götunum í kring þannig að þegar maður kemur heim er eiginlega vonlaust að fá stæði. Þó svo að borgaryfirvöld séu að reyna að fá ferðamenn til þess að leggja í bílastæðahúsum er það ekki að virka því að þeir leita auðvita eftir ódýrari stæðum. Væri munur ef íbúar gætu þá notað þessi læstu port í kringum götuna

27.

Tilgangur gjaldskyldunar í miðborginni er að skapa hentug skamtímastæði fyrir viðskiptavinum verslunar og þjónustu miðborgarinnar. Mikil nýting á bílastæðum á jaðri gjaldskyldunar þar sem ekki kostar að leggja er lögmál, íbúðarhverfi í nágrenni miðborgarinnar hafa fundið fyrir því alla tíð, gjaldskyldan er hluti af orsök bílastæðavandamála þessara hverfa.

Þegar farið var að setja gjaldskyldu á sjálfan jaðarinn, inni sjálf íbúðarhverfin færðist vandamálið bara innar í hverfin, það verða ruðningsáhrif, íbúar á "jaðrinum" þurfa þá margir hverjir að fara að leggja bílum fyrir utan heimili nágretta sinna innar í hverfinu og þeir sem þar búa lenda svo í vandræðum með að fá stæði heima hjá sér. Það hefur ekki verið tekið tillit til þess í skipulagi Reykjavíkur að þetta eru íbúðarhverfi en ekki verslunarhverfi og það er ekki gott að lögmál verslunar og þjónustu sé látið flæða yfir íbúðarhverfi og íbúar látnir greiða aukalega fyrir afnot af þessum innviðum eins og um verslunarvaning sé að ræða, það er eðlismunur á íbúðarhverfum og verslunarhverfum. Bílastæðin fyrir utan verslanirnar eru fyrir verslanirnar og gjaldskyldan var sett til að tryggja það.

Eins eru bílastæðin í íbúðarhverfunum fyrst og fremst fyrir íbúðarhverfin og eru þeim sem þar búa jafn nauðsynleg eins og aðrir innviðir, rennandi vatn, rafmagn og frárennsli o.fl. Borgin hefur gleymt að standa vörð um bílastæði íbúðarhverfanna og að þau séu notuð í þágu íbúðarhverfanna.

Með því að leysa þessi vandamál með því að setja gjaldskyldu á íbúana sjálfa er ekki verið að leysa vandamálin, afleiðingar gjaldskyldunar hafa einfaldlega verið gerðar að tilefni til frekari gjalddöku. "Talning á nýtingu stæða á jaðri gjaldskyldunar gefur bílastæðasjóði tilefni til frekari útvíðunar gjaldskyldunar í samræmi við verklagsreglur".

Því útbreiddari sem gjaldskyldan verður því umsetnari verða þau stæði sem eftir eru. Talning er óþörf, mikil nýting á jaðrinum er lögmál, þetta er fyrirfram vitað. Með því að takmarka aðgengi íbúa í sumum hverfum að nauðynlegum innviðum hverfa sinna en lofa íbúum annara hverfa hafa óheftan og gjaldfrjálsan aðgang að sömu innviðum er verið að mismuna íbúum borgarinnar, þá er sveitafélagið ekki að tryggja jafnrétti allra íbúa eins og því ber að gera. Það þurfa margir að vera með fleiri en einn bíl, það getur í sumum tilfellum verið skipulag borgarinnar sem veldur, aðrir þurfa sér bíl vinnu sinnar vegna, t.d. iðnaðarmenn, það geta verið allskonar ástæður. Það er leitt að við sem erum í þeirri stöðu skulum ekki hafa fengið að upplifa okkur velkominn í okkar eigin hverfum, þ.e. eftir að gjaldskyldan kom.

Þar sem ég bý voru engin bílastæðavandamál áður en gjaldskyldan hóf innreið sína í hverfið, gjaldskyldan færði okkur vandamálin. Fyrir okkur er gjaldskyldan ekki lausnin á bílastæðavandamálunum heldur er hún ástæðan fyrir þeim.

Það fyrirkomulag sem nú er boðað er viðleitni í rétta átt, en að heimta 22.900 kr á mánuði fyrir tvo bíla er fyrirkomulag sem gerir upp á milli fólks eftir efnahag og samræmist ekki skyldum sveitafélagsins að tryggja jafnrétti allra íbúa eins og kveðið er á um í sveitastjórnarlögum, maður hefði ætlað að það ætti einmitt við um nauðsynlega grunnþjónustu eins og bílastæði. Velstæður einstaklingur getur með þessu fyrirkomulagi lagt vinnubílnum við heimili sitt en nágranninn kanski ekki, þetta er vísir að stéttaskiptingu og er óholt fyrir mannlega þáttinn í hverfinu og ýtir undir óeiningu, við þekkjum afleiðingarnar, um þær snýst jafnaðarmennskan. Jöfnuður dregur úr félagslegum vandamálum.

Ýfirvöldum ber skylda til að stuðla að jafnrétti þegnana og sér í lagi ef þau hafa þegið umboð sitt vegna yfirlýsinga um eitthvað í þá veru. Ég skora á stjórn borgarinnar að endurskoða hugmyndir sínar um gjaldskyldu á venjulegt fjölskyldufólk, lofa þeim sem á þessum svæðum

búa að nota borgarstæði við heimili sín með sama hætti og íbúum annarra hverfa leyfist, án þess að heimta af þeim peninga eins og um viðbótar þjónustu sé að ræða. Við erum nú þegar að greiða fyrir afnot af þessum stæðum með sama hætti og íbúar annara hverfa gera. Sturla Einarsson

28.

Borgin er fyrir íbúa! Við búum í þríbýli með tveimur bílastæðum, sem eru í sameign. Alla tíð hefur "fyrstur kemur, fyrstur fær" fyrirkomulagið gilt vandræðalaust fyrir íbúðaeigendur. Allt þar til gjaldskylda var sett á og íbúafjandsamlegar reglur tóku gildi. Lagið þetta!! Og með hag íbúa í huga! Breytið gjaldskyldu! (Í hreinum íbúagötum, á ekki að vera gjaldskylda á sunnudögum og utan almenns vinnutíma.)

29.

Til að gæta samræmis væri gott að skilgreina hlutfall stæða þr íbúafjölda/íbúða án bílastæðis á hverju svæði. Nú stendur til að leyfa breytingu á nýtingu húss við Laugaveg sem hefur engin skilgreind bílastæði. Það mun að öllum líkindum fela í sér mikla fjölgun íbúa á mínu íbúakortssvæði sem berjast þá um þessi sömu stæði á svæði okkar. Hvernig passa reglurnar upp á að ekki séu of fá bílastæði á svæðinu sem ætlað er okkur þegar slíkt gerist? Ég legg því til að eins konar „nýtingarhlutfallstala“ sé skilgreind fyrir hvert svæði til að gæta jafnræðis (fjöldi íbúða án bílastæðis/ fjöldi bílastæða í næsta nágrenni).

Annað, einn eigandi íbúðar í mínu húsi er erlendur og frá EES landi og hefur því ekki lögheimili hér en dvelur nokkrum sinnum á ári í íbúðinni sinni. Eðlilega á viðkomandi ekki bíl en leigir bíl þegar hann og fjölskyldan kemur í íbúðina. Reglurnar sem gera ráð fyrir lögheimili gera ekki ráð fyrir því að hægt sé að skrá bílaleigubíl með skömnum fyrirvara- og biðja um bílnúmer- sem er erfitt að uppfylla, m v afgreiðslutíma Bílastæðasjóðs. Það er því tvöfaldur „ómöguleiki“ í tilfelli þessa erlenda aðila í reglunum. Þessu mætti gjarnan kippa í liðinn. Steinunn Halldórsdóttir

30.

Það þarf að leyfa heimilum að hafa fleiri en 1 bílastæðakort á hverju fastanúmeri. Algengt er að á venjulegu heimili séu 2-3 bílar og núverandi reglur krefja íbúa til að greiða fyrir bílastæði fyrir utan þeirra eigið heimili. Það takmarkar mjög búsetuskilyrði ef aðeins 1 bíll getur haft bílastæðakort. Það gerir búsetu í Miðborginni, þar sem bílastæðaskylda er í íbúðahverfum, óaðlaðandi. Núverandi reglur hrekja því íbúa úr Miðborginni því núverandi reglur segja einfaldlega að hvert heimili skuli aðeins hafa 1 bíl. Slík forsjáryggja er afar ósanngjörn. Tökum dæmi af heimili sem hefur 3 fullorðna einstaklinga sem munu þurfa bíl til vinnu og í skóla, allt í sitthvora áttina. Nú heimilar Reykjavíkurborg aðeins 1 bíl fyrir utan húsið og hefur það augljóslega afar neikvæð áhrif á daglega rútínu heimilisméðlima. Brýn þörf er að kaupa bíl nr. 2 en það er ekki hægt nema að fá bílastæðakort. Og bílastæðakortin þurfa að vera fyrir alla bíla heimilisins því allir bílar geta þurft að nota rafmagns-hleðslustöð heimilisins og er það því breytilegt hvaða bíll er í stæðinu yfir nótt, sá sem þarf mest að hlaða og hinum er þá lagt í götunni. Bílarnir þurfa því allir bílastæðakort svo að lífið á heimilinu geti gengið sinn vanagang og heimilið ástundað vinnu og skólagöngu eins og hver kýs. Í stuttu

máli þurfa bílastæðareglur að vera í grunninn þannig að allir bílar heimilis (fastanúmers) geti fengið bílastæðakort, sé það ljóst að eigendur þeirra bíla séu búsettir á viðkomandi fastanúmeri. Að auki má hafa breytta reglu fyrir hús með mörgum íbúum. Þar má t.d. hafa hámarksfjölda bílastæðakorta 2 og þá jafnvel að hámarki aðeins 1 kort ef um er að ræða stór fjölbýli. Engar takmarkanir á fjölda bílastæðakorta eiga að vera á húsum með fáum íbúum eins og er í tilviki raðhúsa, einbýla og tvíbýla. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg svari þessu kalli. Hér er um að ræða grunnþörf íbúa og er það afar mikilvægt fyrir Reykjavíkurborg að taka tillit til þessarar kröfu. Ef Reykjavíkurborg ætlar sér ekki að heimila þetta þá færast bara bílarnir í nærliggjandi hverfi. Þá væri Reykjavíkurborg ekki að vinna með hag íbúa að leiðarljósi. Brýnt er að breyta þessum reglum hið fyrsta. Ég er nýfluttur á Sólvallagötu hefur Bílastæðasjóður margoft beitt ósanngjörnum sektum. Sem dæmi má nefna þegar ég þurfti að taka bílinn úr bílastæðinu í stutta stund, á meðan sendibíll kom með dót til að setja í bílskúrinn. Minn bíll var fyrir framan húsið í kannski 15 mínútur og þá sektaði Bílastæðasjóður fyrir að bílnum var lagt fyrir utan heimili eiganda, þótt augljóst væri að bíllinn gæti ekki verið í bílastæðinu. Mörg hliðstæð dæmi lýsa offorsi í garð íbúa af hálfu Bílastæðasjóðs. Segir það aðeins þá sögu hversu brýnt það er að breyta reglum um íbúakort. Með góðri kveðju, Hallgrímur Óskarsson Sólvallagata 13101 Reykjavík

31.

Sæl Guðný Helga heiti ég og er ég nemandi við Háskóla Íslands. Ég kem af landsbyggðinni og fékk þess vegna úthlutaðri íbúð á Stúdentagörðum Félagsstofnunar Stúdenta og hef búið þar sl. liðið ár. Mér líður vel hér, það tekur mig 5 mínútur að labba í skólann og get ég því lifað tiltölulega bíllausum lífstíl, nema auðvitað því ég er af landsbyggðinni og þá er nú gott að eiga bíl til þess að skreppa heim til foreldra minna sem ég sakna svo mikið. Ég bý við Sæmundargötu og bjó hérna þegar Reykjavíkurborg setti á gjaldskyldu í götunni minni í ágúst 2024 og fram í október.

Það eru 22 bílastæði fyrir framan blokkina mína sem eru einkastæði okkar sem búa í Sæmundargötu 18 og 20. Það eru líklega um 200 íbúar sem hafa þá rétt til þess að leggja þar og er því oft ekki pláss til þess að leggja þar. Ég þurfti því oft að keyra í skólann á meðan gjaldskyldunni stóð svo ég þyrfti ekki að greiða háar fjárhæðir í bílastæðin í Sæmundargötu og eyddi oft nærri hálf tíma að rúnta milli bílastæða til að finna gjaldfrjálst bílastæði.

Ég hef ekki fært lögheimili mitt í námsmannaíbúðina né er ég skráður eigandi bílsins sem ég keyri á því foreldrar mínir buðust til þess að annast allt sem viðkemur bílnum á meðan ég stunda nám. Svo bý ég í námsmannaíbúð. Allt þetta hindrar mig í umsókn um íbúakort.

Fyrir það fyrsta finnst mér einstaklega skrítið að námsmenn sem eru að reyna að mennta sig og ættu þess vegna ekki að vinna meira en 30%-50% hlustörf þurfi þess vegna að greiða himinháar fjárhæðir fyrir bílastæði. Bílastæðin við Sæmundargötu, Oddagötu og Aragötu eru líklega að mestum hluta nýtt af nemendum sem búa á Stúdentagörðum FS og eru þeir flestir eins og ég, landsbyggðar fólk sem fluttu til Reykjavíkur til að stunda staðnám og þurfa bíl. Ég legg til þess að sérstakt námsmanna-íbúakort verði búið til sem hefði þá rýmri reglur sérstaklega til þess að námsmenn sem verða þá að búa við þá vondu gjaldskyldu sem sett er á okkar heimili. Ég verð að vera með bílinn minn í grennd við heimili mitt og ég sé fram á ég þurfi að greiða frekar fyrir bílastæðakortið sem Háskóli Ísland mun vera með og keyra 2 mínútur í skólann, svo ég þurfi ekki að greiða íþyngjandi gjöld bara til þess að geta lagt í grennd við íbúðina mína þegar mitt "einkastæði" er upptekið af öðrum íbúum blokkanna. Annars biðla ég til ykkar sem starfa hjá Reykjavíkurborg að sleppa því að setja gjaldskyldu á

Sæmundargötu, Oddagötu og Aragötu þar sem þetta mun verða íþyngjandi kostnaður á námsmenn sem kemur niður á náminu okkar. Eða ef það er ekki hægt þá setja önnur tímamörk á gjaldskylduna, til dæmis kl 9:00-17:00 sem mun þá einungis koma niður á fólki sem er að leggja í götunum á dagvinnu tíma en ekki þeim sem búa á Stúdentagörðunum. Takk fyrir lesturinn og ég vona að þið finnið farsæla lausn á vandamáli okkar íbúa Stúdentagarðanna.

32.

Eftirfarandi eru athugasemdir við drög að nýjum reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.* Borgaryfirvöld hugi almennt að því að víkka enn frekar rétt íbúa til íbúakorts, s.s. að notkun þeirra sé ekki bundin við tiltekinn umsækjanda heldur nýtist það einnig öðrum heimilismönnum og fjölskyldu hans.* Borgaryfirvöld endurskoði áform um gjalddöku fyrir íbúakort nr. 2, sem eru úr öllu hófi og í engu samræmi við gjalddöku vegna íbúakorts nr. 1. Kristján Geir Pétursson Oddagötu 16

33.

Ég bý á Vesturgötu þar sem er komin gjaldskylda alla daga vikunnar frá 9-21, sem sagt P2. Við erum með tvo bíla á heimilinu, enda stórt heimili. Þetta þýðir að við þurfum alltaf að greiða bílastæðagjald, með tilheyrandi kostnaði, eftir vinnu og um helgar fyrir annan bílinn sem var ekki þegar við kaupum íbúðina. Svo er það núna orðið svo miklu meira ónæði af þessum bílastæðum eftir kl. 21 á kvöldin sem var ekki áður en þessi gjaldskylda kom. Áður voru þetta bara íbúar sem lögðu í stæði eftir vinnu og voru þar til þeir fóru í vinnu daginn eftir.

Núna eru þessi stæði yfileitt mikið til laus á daginn þangað til eftir kl. 21 þá eru túristar á kampers og bílaleigubílum endalaust að vesenast með tilheyrandi látum, og það hálfum meter fyrir utan svefnherbergisglugga okkar og barnanna.

Ef allt þetta hverfi á að vera gjaldskyld þá ætti það að vera P3 eða P4 því gamli Vesturbærinn er íbúðahverfi, ekki þjónustuhverfi. Í það minnsta að íbúar fái tvö bílastæðakort á heimili. Það eru bara engin rök fyrir því að Vesturbærinn er ekki með gjaldskyld stæði en gamli Vesturbærinn er það, svo ekki sé talað um önnur íbúahverfi í Reykjavík. P2 gjaldskylda er ekki íbúðavænt, það er frekar túristavænt!

34.

Ástæður fyrir gjaldskyldu voru nefndar þær að íbúar væru óánægðir með að fólk sem byggir ekki í hverfinu legði bílum sínum hér á meðan það væri í vinnunni í miðbænum. Sömuleiðis að ferðamenn tækju upp stæðin í hverfinu svo íbúarnir þyrftu að leita annað til að leggja sínum bílum. Lausnin var að setja gjaldskyldu á alla íbúana í hverfinu.

Eftir að gjaldskyldan var sett á hefur lítil ásókn verið í stæðin, einn og einn bíll á stangli, líklega helst bílar þeirra sem hafa íbúakort. Annars standa bílastæðin illa nýtt og auð.

Aftur á móti eru öll stæði vestan við Hofsvallagötu full nýtt og íbúum þar enginn greiði gerður með þessu fyrirkomulagi. Seinni part dags og á kvöldin mega þeir oft aka hring eftir hring um hverfið í von um að finna stæði. Þetta veldur því að íbúar upplifa sig óvelkomna í eigin hverfi.

Einfaldari og réttlátari lausn vandans væri að mínu mati, að íbúar gætu lagt gjaldfrítt í sínu hverfi líkt og aðrir íbúar borgarinnar. Þeir sem ekki búa í hverfinu yrðu þá gjaldskyldir.

Að beina íbúum í nálæg gjaldfrjáls hverfi, til að leggja, er ekki lausn á vandanum heldur býr til nýjan. Að víkka út og stækka svæði með greiðsluskyldu í nágrenninu vegna aukins álags þar, leysir heldur ekki vandann, hann færir bara til. Sumir íbúar geta lagt frítt í innkeyrslur á sinni lóð sem vekur upp spurninguna hvort lausnin felist í því að breyta gördunum í bílastæði. En það getur varla verið ætlun borgaryfirvalda, frekar en að íbúar flyttu í annað hverfi eða jafnvel út úr borginni í leit að lausn.

Hugmyndir um að leggja á 240.000 kr. gjald fyrir íbúakort er ansi langsótt þykir mér enda orðið hærra en fasteignaskatturinn. Það er umhugsunarvert að bifreiðastæði við verslunarmiðstöðvar og önnur fyrirtæki eru almennt gjaldfrjáls en þegar kemur að því að leggja í nálægð við eigið heimili eða við stofnanir í almannaeigu, jafnvel við sjúkrastofnanir, þarf að greiða sérstaklega fyrir stæði.

Að mínu mati er ástæðulaust að innheimta gjald af íbúum fyrir að leggja í nágrenni við heimii sín í venjulegu íbúðahverfi. Í þessu máli hvet ég borgaryfirvöld til að taka ákvarðanir sem fela í sér jafnrétti, eru vinsamlegar íbúum og gera þeim lífið léttara. Með vinsemd og virðingu, Rúnar H Vilbergsson Sólvalлагötu 6







35.

Auka þarf heimildir til að skrá ökutæki sem ekki eru í eigu þeirra sem hafa rétt á íbúðakortum. Mögulega væri einfalt að skila inn eyðublaði þar sem eigandi ökutækis og rétthafi bílastæðakorts kvittuðu undir að umrætt ökutæki væri í umsjá rétthafa bílastæðakortsins. Ekki ætti að hafa hámark á fjölda korta per lögheimili. 3 kort, 4 kort o.s.frv mættu kosta meira. Aðstæður eru mismunandi hjá fólki og borgaryfirvöld ættu að hafa það að markmiði að koma til móts við sem flesta.

36.

Hvaða réttlæti er í því að íbúar miðborgar Reykjavíkur þurfi að greiða fyrir að leggja bílum sínum fyrir utan heimili sín meðan í öðrum borgarhverfum eru frí bílastæði bara sjálfsagður hlutur? Viljum við hafa íbúabyggð í miðborginni? Ef svo er þarf að gæta að sanngirni og jafnrétti íbúa.

Ég bý í götu þar sem að á hverjum morgni streyma að bílar úr öðrum hverfum borgarinnar og leggja bílum sínum og fara síðan í vinnu eða skóla, ferðamenn sem eru að spóka sig í miðbænum og ferðabílar sem eru stundum allan sólarhringinn fyrir utan húsið mitt. Það er ekki ennþá komin gjaldskylda í mína götu en í margar götur í kring, þessvegna er gatan mín mjög vinsæl hjá utanaðkomandi fólki og við íbúarnir komumst varla heim til okkar. Íbúakort eiga að vera sjálfsögð fyrir þá sem búa í miðborginni og eiga auðvitað að vera gjaldfrjáls, það er jafnréttismál.

Í mörgum borgum erlendis má sjá skilti í íbúagötum miðborga sem á stendur "Residents only" eða að stæðin séu fyrir íbúa, þetta er t.d. eitthvað sem Reykjavíkurborg gæti tekið upp. Önnur hugmynd sem Reykjavíkurborg ætti líka að íhuga er að banna bílaleigubíla í miðborginni en það eru einnig fordæmi fyrir því í mörgum borgum erlendis. Í stað þess að gera íbúum í miðborginni erfiðara fyrir ætti Reykjavíkurborg að auðvelda fólki að búa í miðbænum, verja íbúana fyrir ágangi og gæta að jafnrétti höfuðborgarbúa. Guðborg Auður Guðjónsdóttir

37.

Við í stjórn ÍMR ræddum málin á aukafundi þann 14. ágúst. Ályktuðum nokkurn veginn í þessum dúr: Íbúasamtök miðborgarinnar (ÍMR) fagna endurskoðun á reglum um íbúakort Bílastæðasjóðs. Samtökin benda á að fulltrúar þeirra eru ávallt reiðubúnir til samtals og samráðs við borgaryfirvöld um þau mál sem miðborgina varðar. Stjórn samtakanna er að miklu leyti skipuð fólki sem búið hefur í miðborginni um áratugaskeið og ber hag hennar fyrir brjósti. Stjórn ÍMR vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi reglur um íbúakort:

REGLUR UM ÍBÚAKORT VERÐI RÝMKAÐAR Borgaryfirvöld þurfa að koma til móts við fjölbreytt eignarhald og ólík rekstrarform. Reglur mega vera sveigjanlegri, bæði þegar kemur að fjölbreyttu eignarhaldi og fjölbreyttu lífsmynstri. Lagt er til að íbúi geti fengið íbúakort án þess að vera skráður eigandi okutækis; heimildin fylgi frekar skráðu lögheimili. Töluverður fjöldi fólks kýs að búa í miðborginni án þess að eiga bíl, fær engu að síður lánaðan bíl eða tekur hann á leigu tímabundið, enda erfitt að vera algjörlega bíllaus á Íslandi. Dæmi eru um að fólk semji við bílaleigu um afnot af bíl yfir vetrarmánuðina. Í öðrum tilfellum fær fólk bíl að láni hluta úr ári, eða er aðili að bílasamlagi með öðrum, jafnvel fólk úr öðrum hverfum. Þetta fólk þarf líka á bílastæði að halda. Íbúar og borgaryfirvöld geta tekið höndum saman og skoðað vægi einkabílsins auk annarra ferðamáta. Fögnum fjölbreytileikanum, líka í samgöngumálum! **ÍBÚAKORT NÚMER 2** Það er löngu tímabært að gefa íbúum miðborgarinnar kost á fleiri en einu íbúakorti, ekki síst eftir að gjaldskylda var lengd umtalsvert. Mörgum finnst tilboð Reykjavíkurborgar um íbúakort 2 fyrir 20 þúsund krónur á mánuði alltof hátt, enda greiði íbúar bæði útsvar og fasteignagjöld. Augljós mismunur gagnvart íbúum annars staðar í borginni fellst í svo háu gjaldi. Lagt er til, að gætt verði sanngirni og íbúakort 2 kosti það sama og íbúakort 1, enda stutt síðan gjald fyrir íbúakort var hækkað margfalt.

KORT HANDA IÐNAÐARMÖNNUM Margir iðnaðarmenn neita eða hika við að taka að sér verkefni í miðborginni vegna slæmrar reynslu af bílastæðagjöldum og tímamörkum á sumum stöðum. Bílastæðagjöldin (stundum að viðbættum sektum) leggjast ofan á kostnað verkkaupa, sem í þessu tilfelli eru íbúar miðborgarinnar. Þann aukakostnað þurfa íbúar annarra hverfa ekki að greiða. Þessu má breyta með sérstökum iðnaðarmannakortum, sem íbúar geta sótt um í tiltekin tíma á meðan unnið er að viðgerðum og eðlilegu viðhaldi húseigna. Gott ástand húseigna bætir ásýnd miðborgarinnar, eykur vellíðan íbúa og hefur jákvæð áhrif á upplifun gesta og gangandi. **HÁMARKSTÍMI Í STÆÐISÁ** hámarkstími (3 klst) sem fólk er skammtaður fyrir afnot af einu og sama bílastæðinu, hentar íbúum og gestum illa. Fólk í miðborginni býður gestum heim af ýmsu tilefni. Þriggja tíma reglan veldur streitu og óþarfa hringsóli í leit að öðru stæði. Að sjálfsögðu hentar þetta iðnaðarmönnum illa, sem þurfa að vera sem næst verkstað.

DÆMI UM MARGAR ÍBÚÐIR Í HÚSI Dæmi 1: Hús með níu íbúðum, en fimm stæðum í skiptri sameign á baklóð. Hér fer enginn að sækja um kort númer 2. Þess í stað er óskað eftir fjórum íbúakortum, sem samsvarar fjölda íbúða umfram stæði á lóð ($4+5=9$). Umsóknum um íbúakort hefur verið synjað frá árinu 2021. Dæmi 2: Sex íbúða hús með tveimur bílastæðum á baklóð. Samkvæmt eignarskiptalýsingu eru stæðin hluti sameignar. Fylgi íbúð stæði í sameign heimila gildandi reglur íbúum ekki að fá íbúakort, nema eignarskiptalýsingin tilgreini skilmerkilega, að tiltekin íbúð hafi ekki rétt til afnota af umræddum stæðum á baklóðinni. Þó eignarhlutur hvernar íbúðar sé í þessu tilfelli aðeins þriðjungur ($1/3$) úr bílastæði, útilokar það alla íbúa hússins frá því að fá íbúakort. Reykjavíkurborg er hvött til að endurskoða ákvæði

um sameignarstæði. Hér vantar augljóslega sveigjanleika í reglurnar. Þetta vandamál myndi hverfa ef íbúakort yrði gefið út á lögheimili einstaklinga.

ÁRLEG ENDURNÝJUN ÍBÚAKORTSÍbúakortið endurnýjast ekki sjálfkrafa, heldur þarf að sækja um það á hverju ári. Það skapar óþarfa fyrirhöfn og mörg okkar hafa fengið sekt, ef við höfum gleymt að endurnýja eða orðið mislagðar hendur við það verk. Það getur tekið allt að 10 daga að afgreiða hverja umsókn, sem mörgum finnst undarlega langur tími, einnig kostnaðarsamur hafi endurnýjun af einhverjum ástæðum misfarist.

UM GILDISSVÆÐI ÍBÚAKORTAÝmsir velta fyrir sér, hvort svæðisskipting íbúakorta sé til bóta, eða hvort það eigi hreinlega að sleppa henni. Þau sem búa á jaðri svæða, t.d. á horni Frakkastígs og Laugavegs, þ.e.a.s. við mörk þriggja svæða, verða að velja um íbúakort sem gildir einungis á einu þessara þriggja svæða. Þetta getur verið til mikilla óþæginda. Hentugra væri að íbúar gætu í slíkum tilfellum valið um tvö af þessum þremur svæðum. Hringsól fram og aftur um hverfið í leit að stæði getur varla talist æskilegt.

AÐ LOKUM Gjaldskyldu var komið á til að stæði við íbúðarhús væru ekki teppt allan daginn af sömu einstaklingum og sömu bílunum, en ekki til að koma í veg fyrir að íbúar miðborgarinnar gætu lagt nærri heimilum sínum. Koma þarf í veg fyrir frekari fækkun bílastæða, svo handhafar íbúakorta finni nærri heimili sínu bílastæði, sem þeir hafa þegar hafa greitt fyrir. Beina þarf bílaleigubílum ferðamanna og annarra gesta í bílastæðahús með hagstæðum verðsamanburði. Skilja á við deilibíla á sérmerktum svæðum, en ekki í íbúagötum þar sem framboð bílastæða er takmarkað og stundum of lítið. Pétur Hafþór Jónsson

38.

Góðan dag, Mig langar að koma með ábendingu vegna bílastæðamála og fyrirhugaðra íbúakorta í Reykjavík 101.Ég það vera forsendubrest þegar mögulegum bílastæðum er fækkað fyrir íbúa miðborgarinnar. Þegar ég keypti mér fasteignina mína fyrir rúmum 10 árum, var talið nokkuð auðvelt fyrir okkur í fjölskyldunni að leggja 2-3 bílum í götunni, nokkurn veginn fyrir framan húsið. (Eins og í flestum íbúðarhverfum í Reykjavík.)Nú virðist hugmyndin að fækka þessum möguleikum mínum og láta mig borga sérstaklega fyrir að leggja bíl í götunni.

Fyrir utan að þetta er eina hverfið í Reykjavík sem þetta er gert, get ég ekki séð að fasteignagjöld eða útsvar lækki tilsvarendi.Ég tel það rýra virði fasteignar minnar ef greiða þarf fyrir bílstæði fyrir utan húsið.Spurning um hvað dómstólar segja um hvort þessi aðgerð standist lög og jafnrétti.Ég get skilið þegar skipulögð eru og reist ný hverfi með færri bílastæði á íbúð. Þá er fólki í sjálfsvald sett hvort það vill kaupa sér fasteign þar með þeim takmörkunum sem fyrir liggja.Hins vegar keypti ég mína fasteign á þeim forsendum að ég hefði „næg stæði“.

Mér finnst að íbúakort ættu að úthluta endugjaldslaust og eftir þörfum hvers og eins, hugsanlega með einhverjum takmörkunum. Það mætti síðan hugsanlega vera gjaldskylda í öllum götum, klukka, og bílastæðaverðir sem og ábendingar um að bílaleigubílar eigi að leggja á ákveðnum stöðum.Rætur vandans/skorts á bílastæðum, er ekki að finna í aukinni bílaeign miðborgarbúa, heldur m.a. bílaleigubíla sem taka allt of mörg stæði, sérstaklega þar sem gjaldskylda er engin.

Einnig á hluti vandans rætur sínar að rekja í ásókn menntskælinga í bílastæðin í miðbænum sem og starfsmanna LSH. Það eru c.a. 32 þúsund bílaleigubílar á Íslandi.

Nær 40% af öllu gistirými á Íslandi er í R101. Það gefur auga leið að stór hluti bílaleigubíla er staðsettur þar. Þetta hef ég sannreynt á daglegri göngu minni með hund í miðbænum. Oft eru milli 10-20 bílaleigubílar á Laufásveginum yfir nótt.

Mér finnst það þurfi að sníða almenningssamgöngur að menntskælingum, LSH útvegi næg stæði fyrir sína starfsmenn og bílaleigubílum sé ekki heimilt að leggja í miðborginni. Þannig er það í ferðamannaborgum erlendis. (td Pisa, Róm, Boston.....)Þeir sem eiga heimili í miðborginni og greiða þar fasteignagjöld, gestir þeirra, fólk sem á stutt erindi í miðbæinn og aðstandendur sjúklinga á LSH eiga að geta lagt í stæði í miðborginni endurgjaldslaust.Ég tel það líka vera stöðugt erfiðara að vera bíllaus í miðbænum.Mest öll þjónusta sem ég sæk, matvörubúð, vínbúð, lyfjabúð, bílaverkstæði, byggingavöruverslanir,.... ofl eru úti á Granda, Kringlunni, Smáralind eða á Höfðanum. Það er í sjálfu sér ekki erfitt að fara fótgangandi á þessa staði en nokkur áskorun að ganga tilbaka með það sem verslað er. Einnig þarf ég að mæta til vinnu með verkfæri á mismunandi staði um allan bæ og get því ekki verið bíllaus. Hermann Kristjánsson

39.

Íbúasamtök Miðborgar Reykjavíkur ÍMR fagnar endurskoðun á reglum um íbúakort Bílastæðasjóðs. Samtökin benda á að fulltrúar þeirra eru ávallt reiðubúnir til samtals og samráðs við borgaryfirvöld um þau mál sem miðborgina varðar. Stjórn samtakanna er skipuð fólki sem búið hefur í miðborginni um áratugaskeið og ber hag hennar fyrir brjósti.

Stjórn ÍMR vill koma eftirfarandi á framfæri varðandi reglur um íbúakort:REGLUR UM ÍBÚAKORT VERÐI RÝMKAÐAR Borgaryfirvöld þurfa að koma til móts við fjölbreytt eignarhald og ólík rekstrarform. Reglur mega vera sveigjanlegri, bæði þegar kemur að fjölbreyttu eignarhaldi og fjölbreyttu lífsmynstri.Töluverður fjöldi fólks kys að búa í miðborginni án þess að eiga bíl, fær engu að síður lánaðan bíl eða tekur hann á leigu tímabundið, enda erfitt að vera algjörlega bíllaus á Íslandi.

Dæmi eru um að fólk semji við bílaleigu um afnot af bíl yfir vetrarmánuðina.

Í öðrum tilfellum fær fólk bíl að láni hluta úr ári, eða er aðili að bílasamlagi með öðrum, jafnvel fólki úr öðrum hverfum. Þetta fólk þarf líka á bílastæði að halda.Íbúar og borgaryfirvöld geta tekið höndum saman og skoðað vægi einkabílsins.

ÍBÚAKORT NÚMER 2Það er löngu tímabært að gefa íbúum miðborgarinnar kost á fleiri en einu íbúakorti, ekki síst eftir að gjaldskylda var lengd umtalsvert. Mörgum finnst tilboð Reykjavíkurborgar um íbúakort 2 fyrir 20 þúsund krónur á mánuði alltof hátt, enda greiði íbúar bæði útsvar og fasteignagjöld. Augljós mismunur gagnvart íbúum annars staðar í borginni fellst í svo háu gjaldi.Lagt er til, að gætt verði sanngirni og íbúakort 2 kosti það sama og íbúakort 1, enda stutt síðan gjald fyrir íbúakort var hækkað margfalt.

KORT HANDA IÐNAÐARMÖNNUMMargir iðnaðarmenn neita eða hika við að taka að sér verkefni í miðborginni vegna slæmrar reynslu af bílastæðagjöldum og tímamörkum á sumum stöðum. Bílastæðagjöldin leggjast ofan á kostnað verkkaupa, sem í þessu tilfelli eru íbúar miðborgarinnar. Þann aukakostnað þurfa íbúar annarra hverfa ekki að greiða. Þessu má breyta með sérstökum iðnaðarmannakortum, sem íbúar geta sótt um með því að senda inn

td verksamning á meðan unnið er að viðgerðum og eðlilegu viðhaldi húseigna. Gott ástand húseigna bætir ásýnd miðborgarinnar, eykur vellíðan íbúa og hefur góð áhrif á upplifun gesta og gangandi.

HÁMARKSTÍMI Í STÆÐIS Sá hámarkstími (3 klst) sem fólki er skammtaður fyrir afnot af einu og sama bílastæðinu, hentar íbúum og gestum illa. Fólk í miðborginni býður ættingjum og vinum heim af ýmsu tilefni. Þriggja tíma reglan veldur streitu og óþarfa hringsóli bíla í leit að öðru stæði. Að sjálfsögðu hentar þetta iðnaðarmönnum illa, sem þurfa að vera sem næst verkstað.

DÆMI UM MARGAR ÍBÚÐIR Í HÚSI Dæmi 1: Hús með níu íbúðum, en fimm stæðum í skiptri sameign á baklóð. Hér fer enginn að sækja um kort númer 2. Þess í stað er óskað eftir fjórum íbúakortum, sem samsvarar fjölda íbúða umfram stæði á lóð ($4+5=9$). Umsóknum um íbúakort hefur verið synjað frá árinu 2021.

Dæmi 2: Sex íbúða hús með tveimur bílastæðum á baklóð. Samkvæmt eignarskiptalýsingu eru stæðin hluti sameignar. Fylgi íbúð stæði í sameign heimila gildandi reglur íbúum ekki að fá íbúakort, nema eignarskiptalýsingin tilgreini skilmerkilega, að tiltekin íbúð hafi ekki rétt til afnota af umræddum stæðum á baklóðinni. Þó eignarhlutur hvernar íbúðar sé í þessu tilfelli aðeins þriðjungur ($1/3$) úr bílastæði, útilokar það alla íbúa hússins frá því að fá íbúakort. Reykjavíkurborg er hvött til að endurskoða ákvæði um sameignarstæði. Hér vantar augljóslega sveigjanleika í reglurnar. Þetta vandamál myndi hverfa ef íbúakort yrði gefið út á lögheimili einstaklinga.

ÁRLEG ENDURNÝJUN ÍBÚAKORTS Íbúakortið endurnýjast ekki sjálfkrafa, heldur þarf að sækja um það á hverju ári. Það skapar óþarfa fyrirhöfn og mörg okkar hafa fengið sekt, ef við höfum gleymt að endurnýja eða orðið mislagðar hendur við það verk, vegna þess að það getur tekið allt að 10 daga að afgreiða hverja umsókn.

UM GILDISSVÆÐI ÍBÚAKORTA Ýmsir velta fyrir sér, hvort svæðisskipting íbúakorta sé til bóta. Þau sem búa á jaðri svæða, t.d. á horni Frakkastígs og Laugavegs, þ.e.a.s. við mörk þriggja svæða, verða að velja um íbúakort sem gildir einungis á einu þessara þriggja svæða. Þetta getur verið til mikilla óþæginda. Hentugra væri að íbúar gætu í slíkum tilfellum valið um tvö af þessum þremur svæðum. Hringsól fram og aftur um hverfið í leit að stæði getur varla talist æskilegt.

AÐ LOKUM Gjaldskyldu var komið á til að stæði við íbúðarhús væru ekki teppt allan daginn af sömu einstaklingum og sömu bílunum, en ekki til að koma í veg fyrir að íbúar miðborgarinnar gætu lagt nærri heimilum sínum. Koma þarf í veg fyrir frekari fækkun bílastæða, svo handhafar íbúakorta finni nærri heimili sínu bílastæði, sem þeir hafa þegar hafa greitt fyrir. Beina þarf bílaleigubílum ferðamanna og annarra gesta í bílastæðahús með hagstæðum verðsamanburði. Skilja á við deilibíla á sérmerktum svæðum, en ekki í íbúagötum þar sem framboð bílastæða er takmarkað. Sigrún Tryggvadóttir Formaður Íbúasamtaka Miðborgar Reykjavíkur (ÍMR)

40.

Undirritaður vekur hér fyrst athygli á annmörkum þessa samráðs um íbúakort, sem hefur mörg einkenni sýndarsamráðs.

Vegna þess að í þessu svokallaða samráði er spurningum sniðinn svo þröngur stakkur, að þær taka ekki á því sem brennur á venjulegu fólki. Breytingar, gjaldtaka og reglur sem hafa

verið settar á undanförunum árum virðast fyrst og fremst vera gerðar til að afla tekna vegna umframkeyrslu borgarsjóðs, undir því yfirskyni að verið að leysa einhver mál, á sama tíma og þau búa til ný vandamál fyrir fólk og skerðingu fjölskyldulífs og lífskjara, sem með þessum tilbúnu þrengingum er smátt og smátt hrakið úr miðborginni vegna vandamála sem bílastæðasjóður á sjálfur fullan þátt í að búa til.

Dæmi: 1. Með þröngum reglum t.d. um gjaldsvæði P1, hárri gjaldtöku og þröngum tímaramma eru forsendur fyrir íbúakort allt í einu allt aðrar en áður var. Samt er nú bara leitað svokallaðs "samráðs" um íbúakort, en einskis samráðs leitað um þessar breyttu forsendur sem sköpuðu vandamálið.

2. Að breyta Grettisgötunni t.d. í rándýrt gjaldsvæði með tímatakörkun upp á 3 klst. skerðir lífskjör og fjöldkyldulíf á margvíslegan hátt, hvar varðar t.d. heimsóknir til barna og barnabarna, minnkar samverustundir sem fara að kosta eins og margar bíó- og leikhúsferðir í viku hverri.

3. Bílastæðasjóður skáldar svo sérhannaðar réttlætningar, sem taka nákvæmlega ekkert tillit til ólíkra þarfa ólíks fólks á ólíkum tímum.

4. Vilji íbúi við Grettisgötuna t.d. halda upp á afmæli sitt, fara gestirnir að ókyrrast mjög eftir 3 klukkutíma og reglur bílastæðasjóðs splundra afmælinu meira og minna. Svo ekki sé minnst aðfangadag jóla og aðfangadagskvöld, sem leyfir fjölskyldum ekki að njóta samveru nema í 3 tíma.

5. Sama upphæð á bílastæðakorti fyrir alla er mjög ósanngjörn, því í henni felst gróf mismunum fólks eftir tekjum. Gjaldið ætti að vera tekjutengt, til að gæta fulls jafréttis.

6. Sérstaklega er gjaldtaka fyrir aukakortið himinhá og út úr öllu korti.

7. Auk þess sem aukakort ætti að þjóna fólki fyrst og fremst og vera í boði þar sem sannarlega eru fleiri en ein íbúð í sama húsi undir sama fastanúmeri. Kristján Benediktsson

41.

Íbúar hverfa sem hafa gjaldskyldu eiga að geta lagt fyrir framan húsin sín og eru bílastæðo víða erlendis mertkt þeim 'residennts only' þannig setur borgim íbúa í fyrsta sæti og beinir gestum annað. Sú aðferð seþ notuð er til að meta hvort það þurfi gjaldskyldu er ekki marktæk því þegar búið er að telja bíla í einni götu og meta hana svo að þar þurfi gjaldskyldu færa sömu bílar sig í næstu götu og er sú gata þá einmig metin með þörf fyrir gjaldskyldu og svo koll af kolli þannig að það er alltaf verið að telja sömu bílana bara í mismunandi götum. Gengur augljóslega ekki upp. Það getur ekki verið markmið hjá borgaryfirvöldum að fæla íbúa úr hverfðu og er því brýnt að bæði sanngirnis og jafnræðis sé gætt. Við þurfum tvo bíla á okkar heimili v vinnu og þarf alltaf að leggja öðrum bílnum í allt að 500 m fjarlægð frá húsini og þá eðli málsins fyrir utan heimili einhvers annars sem þarf þá að finna sér stæði fyrir framan heimili enn annars. Þetta er ekki kerfi sem virkar einsog þetta er núna og óska éf eftir endurskoðun á bílastæðamálum fyrir íbúa 101 og 107. Þessi hugmynd um kort nr 2 kosti 240 þús á mánuði er algerlega galin og ætti það kort í raun að vera frítt (erum nú þegar að borga f 1 bílastæði). Af hveju P2 á Vesturgötu? Því ekki P4 ssvo ég geti fengið gesti 'frítt ' í heimsókn einsog aðrir borgarþúar. Vinsamlega endurskoðið þetta bílastæðamál frá grunni í þágu íbúa þessa hverfa.

42.

Það býr einnig fjölskyldufólk í miðborginni Í 1 gr. í reglum um bílastæðakort er vert að nefna að hér er verið að blekkja fólk með því að halda því fram að hægt sé að leggja endurgjaldslaust, ef þú færð þér bílastæðakort.

Bílastæðakort er kallað íbúakort og síðan er verið að tala um íbúakort 2. Þetta er blekking enda gildir þetta kort ekki til neins annars en réttindi til að leggja á tilteknu gjaldskyldu svæði. Þetta er gjaldtaka og á alls ekki að tala um gjaldfrjálst í þessu samhengi.

Mér finnst mikilvægt að opinberir aðilar séu ekki að birta rangar og blekkjandi upplýsingar. Vert er að taka hér fram að þessi gjaldskylda og þessar ströngu reglur sem settar eru hér fram eru mjög íþyngjandi fyrir þá íbúa sem áður gátu lagt bílum sínum gjaldfrjálst og ekki hægt að segja annað en að það sé verið að skerða og afnema þau áunnu réttindi sem fólk hafði. Hver tilgangurinn með þessari gjalddöku fyrir íbúa er, er mér erfitt að skilja og ég tel að hér sé verið að brjóta á réttindum fólks og mismuna eftir búsetu.

Það er alveg hægt að framkvæma þessa gjaldskyldu fyrir þá sem eru að sækja sér þjónustu í miðborgina, en að þvinga íbúa á þennan hátt tel ég algerlega óásættanlegt. Nú er komin nokkur reynsla á þessa starfsemi. Ljóst er að bílastæði við íbúðargötur á þessum gjaldskyldu svæðum eru vannýtt. Enda neyðist fólk til að leggja á öðrum stöðum og er þá orðið íþyngjandi fyrir aðra íbúa, utan gjaldskyldu svæðanna. Í mörgum tilfellum neyðist fólk til að fara á bílnum í vinnuna frekar en að skilja hann eftir heima og nota aðra samgöngumáta. Ég tel að þarna sé Reykjavík að skjóta sig illilega í fótinn. Að þvinga fólk til að fækka bílum eða að flytja annað eins og þessar íþyngjandi reglur eru að gera er að mínu viti röng aðferðarfræði.

Fólk á að hafa kost á að velja hvort það vill eiga einn eða tvo bíla. Oft er nauðsyn að eiga fleiri en einn bíl, sér í lagi í ljósi þess hvernig borgin er skipulögð og almenningssamgöngum háttað.

Einnig má til dæmis nefna hvernig framboð og verðlag á húsnæði fyrir ungt fólk er háttað. Sem gerir að verkum að ungt fólk þarf oft að búa lengur heima hjá foreldrum. Með þessum hörðu og ósanngjörnu reglum Reykjavíkurborgar er verið að hefta frelsi og möguleika fólks til að búa í nágrenni við miðborgina.

Stefna borgarinnar með þessum íþyngjandi reglum er að breyta þessum rótgrónu og fallegu hverfum eingöngu í leiguíbúðahverfi og airbnb fyrir ferðamenn og er sú stefna að mínu mati röng og illa ígrunduð af hendi borgarinnar. Ég skora á Reykjavíkurborg að endurskoða þessar reglur og koma til móts við íbúa svo að blómleg byggð geti þróast, en ekki sú einsleita leiguíbúða og airbnb þróun sem er að eiga sér stað. Einnig tel ég mikilvægt fyrir borgina að mismuna ekki fólki eftir búsetu eins og er gert með þessum reglum. Þorsteinn Sæmundsson

43.

Í áliti mínu og tillögum vil ég taka fram að þær miða að því að stuðla að jafnræði og passa upp á fjölbreytileika þess fólks sem býr í miðborginni með því að viðurkenna að hér býr raunverulegt fólk og e.t.v. fjölbreyttari hópur en í öðrum hverfum. Orðræðan og ákvarðanatöku í bílastæðamálum hefur verið í þá átt að allir eigi að vera steiptir í sama mót, hafa sömu þarfir - hvort sem um er að ræða fjölskyldufólk með ung börn, fólk með eldri börn í námi og vinnu, fólk með börn í íþróttum, samsettar fjölskyldur og börn sem búa á fleiri en einu heimili, eldri borgara, unga sem aldna einstæðinga, háskólanemendur, fólk með fötlun, o.s.frv.

Stigvaxandi óánægja hefur skapast meðal margra íbúa um ríkjandi fyrirkomulag í bílastæðamálum, auk þess sem sjaldan er tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og raunverulegum þörfum og upplifunum þeirra sem búa í miðbæ Reykjavíkur.

Persónulega hefur mér þótt erfitt að geta ekki fengið aldraðan föður minn í heimsókn í lengur en 3 tíma í senn, sérstaklega á aðfangadag. Það hafa miklar áskoranir og kostnaður falist í því að vera í framkvæmdum á fasteign minni, sérstaklega síðasta árið með tilkomu 3ja tíma reglunnar. Nú síðast þótti mér leiðinlegt að 1/3 minna gesta í stórafmæli sem ég fagnaði í sumar, hafi farið þar sem tíminn var útrunninn! Þetta er útúrdúr varðandi þau atriði sem beðið er um athugasemdir fyrir en tengist engu að síður „bílastæðalandslaginu,” þar sem þrengt er að úr öllum áttum.

Í tillögum bílastæðasjóðs er talað um að tillagan sé til að auka sveigjanleika fyrir íbúa og fagna ég því að sjóðurinn hafi loks ákveðið að viðurkenna þörf vissra íbúa miðbæjar að þessu leyti og vona ég að það verði hlustað út frá röddum íbúa miðbæjar og með jafnræði að sjónarmiði. Aukin þrýstingur og þörf íbúa á öðru íbúakorti nú kemur einnig til vegna hærri og lengri gjaldskyldu og 3ja tíma reglunni á P1 svæðum.

Mínar tillögur eru:

1. Greiðsla fyrir íbúakort verði felld niður eða lækkuð það verulega að hægt sé að tala um eins konar úrvinnslugjald. Rökin fyrir þessu eru að íbúar miðbæjar eru þegar að borga fasteignagjöld, sem oft eru hærri en á öðrum svæðum borgarinnar. Þetta væri til að gæta jafnræðis allra borgarbúa. Tekjur bílastæðasjóðs hafa aukist það mikið með breytingum undanfarinna ára (árs sérstaklega) að það er vart réttlætanlegt að rukka þetta gjald. (8. gr.) Hægt væri að hefja gjaldtöku fyrir hvílustæði, sérstaklega þau eru ekki í notkun í marga mánuði yfir vetrartímann (a.m.k. október - apríl) og hægt að hafa bílastæðatekjur af þeim stæðum í staðinn.
2. Greiðsla fyrir íbúakort 2 verði sambærileg því sem er fyrir íbúakort nú, eða um 35 þúsund krónur á ári (8.gr.) Gjaldið sem bílastæðasjóður leggur til, 20 þúsund krónur á mánuði, er eingöngu fyrir efnameira fólk og því er jafnræðis alls ekki gætt og í raun óásættanlegt.
3. Íbúakort skulu veitt fyrir íbúð 2, o.s.frv. innan sama fastanúmers (enda hafi t.d. verið greitt fyrir þær gatnagerðargjöld og íbúðin sé lögleg íbúð í þeim skilningi að réttur sé til þess að fá húsaleigubætur sé íbúðin í útleigu t.d.) (2.gr.) Þessi tillaga fellur því undir tillögu bílastæðasjóðs um að skilgreining á íbúðarhúsnæði sem heimilt er að útvíkka heimild til og ætti að vera sjálfsagt í svona tilfellum, enda um íbúð að ræða.
4. Að fólk sem sé með stæði á lóð geti fengið annað kort sé hægt að færa rök fyrir því sökum fjölskylduáðstæðna sérstaklega. Það sem fólk á ætti ekki að koma bílastæðasjóði sérstaklega við.
5. Að íbúar geti sótt um tímabundin kort vegna framkvæmda (til skemmri eða lengri tíma) og það með stuttum fyrirvara (hægt væri að búa til verkbeiðnaeyðublað og einhvers konar skrá yfir iðnaðarmenn). Ótækt er að iðnaðarmenn geti einungis lagt bíl sínum í þrjá tíma í senn (og ég tala af reynslu hafandi verið í stórtækum endurbótum á fasteign minni í 6 ár). Einnig þarf að tryggja að íbúar geti fengið tímabundið kort á bílaleigubíl sé bifreið þeirra á verkstæði, líkt og var áður og m.a. ég hef fengið (3.gr.)

6. Ökutæki með erlent skráningarnúmer geti fengið íbúakort sé sýnt fram á að umsækjandi sé að flytja bílinn inn, komið sé nýtt fastanúmer, eða ef fólk ætlar að eiga hér tímabundna búsetu og fara með bílinn aftur úr landi (4.gr.a)

7. Veita íbúum á skilum skilgreindra gildissvæða (jafnvel fleirum) að velja 2 svæði (t.d. B og F). Í sumum tilfellum er það þannig m.v.núgildandi reglur að íbúum sé ekki heimilt að leggja við heimili sitt og þar sem einstefnugötur eru margar þarf fólk að keyra auka hring eða hringi, sem ekki er umhverfisvænt. Auk þess er það erfitt fyrir eldra fólk og fólk með börn þurfi það að leggja lengra frá heimili sínu eingöngu vegna ósveigjanleika í reglum þessum (5.gr.)

8. Íbúakort skulu endurnýjast sjálfkrafa á árs fresti í stað þess að fólk þurfi að sækja um árlega. Þetta ætti að vera auðvelt í framkvæmd (7.gr.)

9. Skilgreina þarf vel hvaða aðilar geti fengið tímabundna undanþágu frá kröfum um skráningu lögheimilis skv.tillögunni. Ljóst þar að vera að þetta geti ekki átt við auðmenn sem eigi margar eignir í miðbænum án þess að búa hér. Sé um að ræða starfsmenn sendiráða má benda á að sum sendiráð eru þegar með mörg stæði á götu þrátt fyrir að vera einnig með stæði á lóð, e.t.v.væri í sumum tilfellum hægt að gera kröfu um að starfsmenn noti þessi stæði.

10. Hvað varðar önnur atriði sem minnst er á eins og skerping á orðalagi, verklagi, o.s.frv. legg ég til að fullrúar íbúa, t.d.formaður Íbúasamtaka miðbæjar, taki þátt í slíkri vinnu.Fögnuðum fjölbreytileika íbúa miðbæjarins því í honum liggur fortíð, nútíð og framtíð. Ég fagna persónulega einnig aukinna leiða og hvatningu (ekki refsinga) til að fólk geti minnkað notkun einkabílsins og við í minni fjölskyldu göngum, hjólum, tókum strætó daglega - en getum ekki lifað algjörlega án ökutækis. Áfram miðbærinn! Ásta Sól Kristjánsdóttir

44.

Miðað við tillögur bílastæðasjóðs um 240 þúsund króna gjald á ári vil ég segja:Jafnræðis er ekki gætt þar sem margir munu ekki hafa efni á því að borga þetta gjald. Kort 1 ætti að vera frítt, þar sem það er hluti af sköttum sem íbúar borga nú þegar. Kort 2 mætti kosta en þá ekki meira en eðlilegt gæti talist að flestir ráði við, t.d. 20-50 þúsund krónur á ári. Tryggja þarf að sama manneskjan sé ekki með fleira en eitt íbúakort eins og nú er.Ég geri ákall um meira samráð og að þær reglur sem áætlað er að skerpa á núna verði gert í samráði við íbúa með beinum hætti. Petr Novák